

Efnisyfirlit

Formáli	2
1. Ísland á 7. áratugnum	5
1.1. Sögulegt ágríp	5
1.2. Staða lista- og menningarmála	11
2. Ný viðhorf	19
2.1. Framúrstefnan	19
2.2. Viðtökur og gagnrýni á íslensku framúrstefnuna	25
2.3. Brotnar helgimyndir	30
3. SÚM	41
3.1. Á bak við tjöldin	41
3.2. Listin	46
Lokaorð	53
Heimildaskrá	56

Formáli

Árið 1965 hófst nýr kafli í íslenskri myndlistarsögu þegar fjórir félagar opnuðu samýningu í Ásmundarsal og Mokka. Þetta voru þeir Hreinn Friðfinnsson, Sigurjón Jóhannsson, Jón Gunnar Árnason og Haukur Dór Sturluson. Þeir nefndu sýninguna SÚM sem átti ekki að þýða neitt sérstakt þó menn hafi síðar reynt að finna ýmsar skýringar á því, svo sem Samtök ungra myndlistarmanna, en það mun alls ekki hafa verið hugmyndin með þessu nafni. „SÚM er bara SÚM.“¹ Nafngiftin var tengd við hópinn á komandi árum. Haldnar voru samsýningar í nafni SÚM þar sem margir ungir listamenn kváðu sér hljóðs og gengu í félagsskapinn sem var afar óformlegur og snerist aðallega um að standa að sýningum félagsmanna, stuðla að því að fá erlenda listamenn til að sýna hérlendis og greiða fyrir íslenskum listamönnum á erlendum vettvangi.

Ekki voru allir jafn hrifnir af uppátækinu. Hin nýstárlega hreyfing vakti fremur neikvæð viðbrögð almennings og gagnrýnenda og listamanna innan Félags íslenskra myndlistarmanna (FÍM). Ef til vill ekki furða þar sem um afar óvenjulega list var að ræða miðað við það sem áður hafði sést hér á landi og virðist álit manna litað af fordómum og ákveðnu þekkingarleysi á þeim stefnum og straumum sem gengið höfðu erlendis um skeið. Ekki síst má túlka viðbrögðin við SÚM sem varnarviðbrögð, þar sem verið var að pota í ákveðin gildi eða eiginleika samfélagsins og gera tilraun til að velta úr sessi úreltum viðhorfum. FÍM-liðar óttuðust að missa völd og áhrif, en almenningur var fordómafullur og hafði almennt ekki þekkingu til að skilja hvað um var að ræða. Sem dæmi um verk má nefna *Vörðu* Kristjáns Guðmundssonar, framlag hans á útisýningu á höggmyndum á Skólavörðuholtinu á Listahátíð 1970. Varðan var gerð úr heilhveitibrauðum. Hægt er að skilja verkið á þann hátt að brauðstritið hafi varðað veg okkar Íslendinga framar öllu, ekki bókmenntir sem stöðugt hefur verið hampað hér vegna sagnaarfsins okkar, eða listsköpun til dæmis (sem var aðeins á færi örfárra manna að stunda sér til viðurværis). Dieter Roth hafði áður unnið verk úr matvælum, og einnig er vísun í list *Arte Povera* hreyfingarinnar sem nýtti ýmiss konar óhefðbundin og hversdagsleg efni í list sinni. Ekki er að spyrja að því að þetta nýstárlega listaverk varð mikil hneykslunarhella. Verkið „...varð meira að segja einum

¹ Hildur Hákonardóttir 2007.

ágætum kennimanni uppistaða í predikun um hnignun listarinnar.² Eftir mikið japl og jaml og fuður krafðist borgarlæknisembættið þess að verkið yrði fjarlægt af heilbrigðisástæðum.³ SÚM-arinn Magnús Tómasson nefnir það í viðtali löngu síðar að á sama tíma og þess var krafist að *Varða* yrði fjarlægð af heilbrigðisástæðum voru öll holræsi Reykjavíkur opin út í fjöru. Þannig var forgangsroðunin hjá heilbrigðisyfirvöldum í þá daga.⁴

Sjöundi áratugurinn var um margt uppgangstími á Íslandi. Í efnahagslegu tilliti voru betri tímar í sjónmáli og menningarlíf og menntun að eflast. Flutningar fólks úr sveitum í þéttbýli jókst og Reykjavík tók mikinn vaxtarkipp, breyttist úr bæ í borg á tiltölulega skömmum tíma. Vaxtaverkirnir sem fylgdu fólust aðallega í miklum húsnæðisskortri og ýmiss konar félagslegum erfiðleikum. Sjónvarpið hóf innreið sína í íslenskt samfélag, að vísu í fyrstu með tilkomu Kanásjónvarpsins svokallaða sem olli miklum deilum og úlfabyt meðal þjóðarinnar. Stjórnvöld voru fremur hægrisinnuð á þessum árum, Viðreisnarstjórn Alþýðuflokks og Sjálfstæðisflokks var við völd frá 1963-1970 með Bjarna Benediktsson í forsætisráðherrastólnum. Mikill hræðsluáróður gegn Rússagrýlunni og kommúnistum var rekinn í Morgunblaðinu, enda var Kalda stríðið enn í fullu gildi. Á móti var sívaxandi kapítalismi og auðsöfnun gagnrýnd mikið í helsta mál gagni kommúnista og vinstrisinnaðra; Þjóðviljanum.

Víst er að hópur eins og SÚM sprettur ekki út úr tóminu án nokkurrar tengingar við samfélag og umhverfi. Að vissu leyti má skilja framlag SÚM-ara sem gagnrýni á ríkjandi skipulag og uppreisn gegn forræðishyggju þeirra afla er réðu mestu um listir og menningu. Þeir boða nýja sýn og vilja brjótast út úr þeim fyrirfram gefna ramma sem listinni er búinn hér á landi.⁵ Það er vert að velta því fyrir sér hvort einhverjar undirliggjandi hræringar í samfélaginu hafi fengið ákveðna útrás og á sinn máta vakið neikvæð viðbrögð ríkjandi afla. Eða má greina í listinni ákveðna forspá þess sem koma skyldi: stúdentaóeirðir og byltingar '68 kynslóðarinnar sem umbyltu ýmsum gildum og hefðum rótgróinna samfélaga. Erlendis

² Aðalsteinn Ingólfsson 2001:138

³ Sólveig Nikulásdóttir 2001:14 / „Listaverk fjarlægt af heilbrigðisástæðum.“ 1970:2

⁴ *SÚM 1965-1972* 1989:84

⁵ *SÚM 1965-1972* 1989:54

höfðu hliðstæðar stefnur þróast og orðið til, svo sem Fluxus- hreyfingin, Arte Povera og fleiri, en hugmyndirnar má rekja allt til Dada-hreyfingarinnar og Marcel Duchamp.

Hugmyndafræðin að baki SÚM er að mestu fengin erlendis frá og byggir á hugmyndum nýframúrstefnuhreyfinga í Evrópu og Bandaríkjunum. Nýframúrstefnan gerir uppreisn gegn stofnanavæðingu listarinnar í þágu kapítalískra viðhorfa og hafnar fagurfræðilegu inntaki hennar. Listin á að vera hluti af lífinu en ekki sérstakt aflokað svið. Þessi áhrif bárust hingað með erlendum listamönnum, s.s. Dieter Roth, og íslenskir listamenn sem fóru utan í nám hafa jafnvel miðlað einhverri þekkingu þó þeir sjálfir hafi ekki endilega aðhyllst þessa hugmyndafræði. SÚM-arar sjálfir höfðu einnig farið utan til náms.

Um listina segir Ólafur Gíslason;

Listin hefur á öllum tímum verið eins konar spegill samfélagsins, og þrátt fyrir þá róttæku afneitun listarinnar sem fólst í dadaismanum þá gildi það líka um hann. Hann endurspeglar siðferðislega upplausn á tíma fyrri heimsstyrjaldarinnar. Sama gildir um pop-listina, Fluxus og nýdadaismann: Þessar hreyfingar áttu sér ekki bara forsendur í listasögunni, heldur líka í grasrótinni sjálfri, hinu daglega umhverfi þeirra glöðu ára þegar Evrópa var að ná sér á strik eftir hildarleik síðari heimsstyrjaldarinnar, og endalausar framfarir virtust blasa við á öllum sviðum, með stöðugum tækniframförum og hagvexti, samfara stöðugri neysluaukningu.⁶

Hér verður leitast við að kanna úr hvers konar samfélagi SÚM-hreyfingin er sprottin. Er listin afsprengi samfélagsins eða virkar listin eins og nokkurs konar loftvog á það og hefur þá eins konar forspárgildi? Getur listin þá ef til vill breytt samfélaginu?

⁶ Ólafur Gíslason 1989:14

1. Ísland á 7. Áratugnum

1.1. Sögulegt ágríp

Á stríðsárunum 1939-1945 og næstu áratugum urðu gríðarlegar breytingar á þessu gamalgróna bændasamfélagi, sem nánast hafði verið óbreytt í hundruð ára. Ekki má gleyma nýfengnu sjálfstæði þjóðarinnar sem setti sinn svip á þjóðmálin og þróun þeirra. Um þessi umskipti segir Björn Th. Björnsson:

Svo skýrar og skarpar sem andstæðurnar voru í íslensku þjóðlífi við upphaf kreppunnar miklu, sögðu þær ekki síður til sín við lok hennar, er brezkt og bandarískt hernám, snögg hækkun allra útflutningsafurða og feiknarleg eftirspurn vinnuafis snarsneru öllu svo að segja á svipstundu. Mótsetningarnar urðu þó hér með allt öðru móti en fyrrum. Eitt af höfuðeinkennum þessara umskipta var mikill fólksstraumur úr sveitum til bæja, en þó jafnframt stóraukin eftirspurn landbúnaðarafurða á innlendum markaði. Og hér gerðist það, sem oftast, að það var nauðsynin fremur en stjórnmálaleg fyrirhyggja sem ákvað þróuninni sinn gang. Landbúnaðurinn mætti fólksfæðinni og eftirspurn framleiðslunnar með stórstígri vélvæðingu, en kastaði að sama skapi fyrir róða gömlum, miðaldalegum verkhátum og ýmiskonar siðvenjum sem af þeim höfðu helgast. Stjórnmálalegir forystumenn bændastéttarinnar litu þróun þessa með talsverðum ugg. Þeir horfðu ekki aðeins í þá valdaröskun innan þjóðfélagsins sem hér átti sér stað, heldur töldu og hættu á menningarlegri upplausn. Mölin og Sveitin voru settar fram sem andstæður; þar táknaði annað rótleysi, hitt festu, enda þótt rás atburðanna hefði þegar svipt hina fornu bændamenningu félagslegu hlutverki sínu og raunar flestu öðru en einberu minjagildi....Hér mynduðust því skarpar menningarlegar andstæður milli „þjóðlegs“, rómantískis afturhvarfs, og nýrra, róttækra viðhorfa, sem oft höfðu erlendar eða alþjóðlegar stefnur að leiðarljósi.⁷

Þau mál sem efst voru á baugi í okkar heimshluta á 7. áratugnum voru nokkuð lituð af átökum og kapphlaupi Rússa og Bandaríkjamanna; kommúnismans og kapítalismans, hinu svonefnda *Kalda stríði*. Kapphlaupið náði hámarki með ferð Gagarins út fyrir gufuhvolfið og hinni sögulegu göngu áhafnar Appollos á tunglinu árið 1969. Víetnam-stríðið reyndist Bandaríkamönnum óþægur ljár í þúfu, en með sjónvarpsútsendingum frá því dró stöðugt úr stuðningi heima fyrir. Þessi sívaxandi andstaða fór saman við uppreisn æskulýðsins sem

⁷ Björn Th. Björnsson 1973:209

birtist fyrst í tísku, popp- og rokktonlist. Ungmenni risu upp gegn forræðishyggju eldri kynslóðanna og alda mótmæla fór um Bandaríkin og Evrópu árið 1968.⁸

Ritsjóri skólablaðsins *Beneventum* sem MH namar gáfu út, birti grein árið 1968 sem fékk hárin til að rísa á mörgum. Í henni er ýtt undir stjórnleysi og lögreglan sögð „...tæki smáborgarans til að verja einskisnýt verðmæti hans, til valdbeitingar og hagsmunabaráttu, lögreglan er afsprengi hræðslunnar við afleiðingarnar og hjálparmeðal til að halda mannkyninu á braut haturs, kúgunar og stéttaskiptingar.“ Morgunblaðið birti síðan greinina með aðvörunarorðum um hvað slík skrif gætu haft í för með sér⁹ og fékk að vonum þakkir fyrir frá ritstjóra *Beneventum*, sem var afar ánægður með að Mogginn skyldi breiða út fagnaðarerindið með birtingunni.¹⁰ Árið 1970 mótmæltu íslensk ungmenni lágum námslánum hér heima og erlendis og lögðu meðal annars undir sig sendiráð Íslands í Svíþjóð, drógu þar rauðan fána að hún og hvöttu til byltingar á Íslandi.¹¹

Aðild Íslendinga að Atlantshafsbandalaginu (NATO) olli miklum deilum. Fyrsta Keflavíkurganga herstöðvaandstæðinga var gengin árið 1960 til að mótmæla hersetu bandaríska hersins. Kanasjónvarpið sem herinn hélt úti náðist á suðvesturhorni landsins og margir Íslendingar höfðu því fjárfest í sjónvarpi til að fanga herlegheitin. Þjóðhollir Íslendingar urðu skelfingu lostnir yfir útlendu skemmtiefni sem mörgum þótti hin besta dægrastytting, og árið 1964 fóru 60 kunnir borgarar fram á það við Alþingi að útsendingarnar yrðu takmarkaðar við varnarliðssvæðið.¹²

Mikil síldveiði við landið og loðnuveiðar og stóriðjuframkvæmdir vegna álversins í Straumsvík urðu til að bæta efnahag þjóðarinnar svo um munaði, en tekjur fólks jukust um 25% að raungildi á sjöunda áratugnum, þrátt fyrir erfið ár '67-69 þegar síldin hvarf og töluvert atvinnuleysi blasti við. Einnig urðu verðlækkunarir á útflutningsvörum Íslendinga erlendis. Á þeim árum flutti töluverður fjöldi fólks úr landi og þá einkum til Svíþjóðar og

⁸ 20. *Öldin, brot úr sögu þjóðar* 2000:182

⁹ „Lögin verða að hverfa.“ 1968:3

¹⁰ Illugi Jökulsson og fleiri 2001: 206

¹¹ Illugi Jökulsson og fleiri 2001:236

¹² 20. *Öldin, brot úr sögu þjóðar* 2000:180-187

annarra Norðurlanda og einhverjir fóru alla leið til Ástralíu.¹³ Horfið var frá haftastefnunni sem hafði verið ríkjandi frá því í byrjun 6. áratugarins og sótt um aðild að EFTA.¹⁴

Almennt séð virðist því sjöundi áratugurinn hafa einkennst af bættum hag, meira frelsi og tækifærum fyrir fólkið í landinu. Miklar deilur stóðu þó jafnan um einstaka atburði, svo sem álverið í Straumsvík og virkjanaframkvæmdir við Búrfell sem áttu að sjá álverinu fyrir rafmagni. Aðrar virkjunarframkvæmdir ollu líka miklu fjaðrafoki, s.s. Laxárvirkjun fyrir norðan.¹⁵ Það hefur því ekki mikið breyst í þjóðarsálinni þegar virkjanir og álver ber á góma.

Hjá stórum hópi þjóðarinnar virðist hafa verið töluverður ótti við erlend áhrif sem þóttu menga hugarfarið, sérstaklega hjá unga fólkinu. Dæmi um það eru viðbrögð manna við bítlæðinu og þeirri tísku sem fylgdi. Hérlandis hafði nú ekki verið um auðugan garð að gresja ef menn vildu kaupa sér tískufatnað og annað þess háttar, en það breyttist með opnun Karnabæjar í Reykjavík árið 1966.¹⁶ Viðbrögðin við Kanasjónvarpinu eru einnig til marks um þennan ótta. Einnig má segja að ýmiskonar aðgerðir til verndar íslenskunni (hreintungustefnan) séu ein birtingarmyndin, áhyggjur af hnignun hennar með tilkomu atómljóðsins og fleira í þeim dúr.

Loftleiðir ráku lágfargjaldastefnu á flugleiðinni yfir Norður-Atlantshaf og hlutu fyrir vikið viðurnefnið „hippie-airline“ af því að hipparnir flyktust með vélum félagsins og má eiginlega segja að Loftleiðir hafi flutt hippamenninguna til Íslands. Árið 1967 var síðan keypt þota sem var fyrsta þotan sem Íslendingar eignuðust.¹⁷ Farþegaskipið Gullfoss var í reglubundnum áætlanuferðum milli Íslands, Skotlands og Danmerkur.¹⁸ Ljóst er að samgöngur við önnur lönd jukust töluvert á þessum árum og fleiri Íslendingar gátu leyft sér að ferðast til annarra landa en áður. Það leiddi af sér víðsýni og aukna þekkingu á því sem var að gerast erlendis, jafnt í listum sem á öðrum sviðum.

¹³ Illugi Jökulsson og fleiri 2001:223-224

¹⁴ 20. *Öldin, brot úr sögu þjóðar* 2000:182

¹⁵ 20. *Öldin, brot úr sögu þjóðar* 2000:201-203

¹⁶ 20. *Öldin, brot úr sögu þjóðar* 2000:190, 194

¹⁷ 20. *Öldin, brot úr sögu þjóðar* 2000:196

¹⁸ 20. *Öldin, brot úr sögu þjóðar* 2000:188

Menntamál voru með þeim hætti að ungt fólk víðast hvar á landsbyggðinni gat ekki sótt nám í heimabyggð þegar barnaskóla og skyldunámi slepti, námsfúsir landsbyggðarnemar sóttu til Reykjavíkur eða í þá örfáu skóla sem voru úti á landi. En fyrir vikið fóru ekki margir í framhaldsnám. Það var dýrt fyrirtæki og erfitt fyrir marga. Skv. leiðara Morgunblaðsins 28. sept. 1967 luku einungis 10% ungmenna stúdentsprófi ár hvert.¹⁹ Það má vel ímynda sér að hér hafi fyrir vikið myndast stéttaskipting, þ.e. þeir betur settu og menntuðu gátu sent sína krakka í skóla, en þorri almennings, verkafólk og bændur, gat ekki gert það og þar sat landsbyggðin eftir. Á þessum árum eru menn þó að vakna til vitundar um mikilvægi menntunarinnar, og unga fólkið sjálft farið að reyna að hafa áhrif.²⁰ Á árunum 1967-69 eru fjölda margar greinar skrifaðar um menntamál í dagblöðin og greinilegt að mönnum þótti brýn þörf á að gera umbætur. Hugmyndir og fyrirheit um menntaskóla á landsbyggðinni og tillögur að breytingum á námsframboði á barna- og unglíngastigi líta dagsins ljós. Árið 1971 eru ný grunnskólalög samþykkt sem meðal annars kveða á um lengingu skólaskyldunnar og fjölbreyttari námsmöguleika.

Mikill fjöldi fólks flyktist til Reykjavíkur í von um atvinnu og betri kjör. Þessi þróun hafði raunar hafist í kringum aldamótin 1900, en á stríðsárunum herti á henni. Í Reykjavík hafði verið skortur á húsnæði fyrir stríð, á stríðsárunum skapaðist algert neyðarástand. Húsaleiga var fyrir vikið himinhá og voru geymslur og kjallaraholur leigðar út á okurverði. Breski herinn reisti heilmiklar braggabyggðir víða í borgarlandinu, óeinangruð hálfturnuhús lítt búin þægindum sem einungis var ætlað að endast í fáein ár. Þegar braggarnir losnuðu við brotthvarf Bretanna árið 1942, varð mikil ásókn í þá og áttu þeir að vera bráðabirgðahúsnæði þar til úr rættist með nýbyggingar.²¹ Í Reykjavík risu heilu blokkahverfin til að leysa húsnæðisvandann, og smám saman hurfu braggahverfin. Þó voru enn fáeinir í notkun á sjöunda áratugnum, rúmum tuttugu árum eftir að þeir voru byggðir, en þá var einkum fólk með ýmis konar félagsleg vandamál búsett í þeim.²² Á þessum áratugum er því geysimikil uppbygging í borginni. Landsbyggðin átti í vök að verjast en með vinstri stjórn Ólafs

¹⁹ „Stúdentafjöldinn“ (Leiðari) 1967:16

²⁰ „Stúdentar útskrifaðir ári fyrr en nú er“ 1968:15

²¹ Eggert Þór Bernharðsson 2000:6

²² Eggert Þór Bernharðsson 2000:246-249

Jóhannessonar sem tók við völdum 1971 var hafin mikil uppbygging í hefðbundnum atvinnuvegum þjóðarinnar s.s. með kaupum á skuttogurum, til að rétta hlut landsbyggðarinnar.²³

Atvinnulíf og fyrirtæki mótuðust töluvert af því að annaðhvort fylgdu þau íhaldinu (Sjálfstæðisflokki) eða Framsóknarflokki en þeir voru stærstu stjórnmálaflokkarnir. Í rauninni er hægt að segja að þar hafi skipst í tvö horn þéttbýlið og dreifbýlið. Það mynduðust ákveðnar blokkir sem flokkarnir skiptu milli sín og má þar nefna SÍS-veldið sem löngum var vígi framsóknarmanna, með Kaupfélögin út um landið innan sinna vébanda. Sjálfstæðismenn höfðu í sínum röðum heildsala og kaupmenn, Eimskipafélagið og fleiri félög sem mynduðu grunninn að hinum svonefnda Kolkrabba eins og síðar var kallað. Stærstu bankarnir lutu stjórn flokkanna og skiptu þeir með sér embættum í bankaráðum. Bókaútgáfur voru jafnvel eyrnamerkta ákveðnum flokkum og má sem dæmi nefna að Almenna Bókaforlagið (AB) var stofnað til mótvægis við Mál og menningu til að „...skapa vettvang fyrir rithöfunda sem ekki aðhylltust sósíalisma.“²⁴ Kjördæmaskipting var með þeim hætti að landsbyggðaratkvæði vógu mun þyngra en atkvæði greidd í Reykjavíkurborg en kjördæmaskipting var breytt árið 1959 sem rétti nokkuð hlut þéttbýlisins.²⁵ Mikil fyrirgreiðslupólitík tíðkaðist í öllum flokkum. Það var því ekki að ástæðulausu að menn vildu vera flokksbundnir og eiga greiðan aðgang að stjórnmálamönnum því það gat þýtt ýmiss konar fyrirgreiðslu sem var gott á tímum hafta og erfiðleika við að fá lán. En í augum hins almenna borgara sem engin sérstök pólitísk tengsl hafði, var þessi hagsmunapólitík lituð af spillingu og klíkuskap.

Margir voru svo harðir í flokkapólitíkinni að þeir versluðu einungis við fyrirtæki sem vitað var að væru í eigu eða undir stjórn „flokksins“ og minnst ég þess úr æsku að faðir minn, sem var og er mikill sjálfstæðismaður, vildi alls ekki versla í Kaupfélaginu á Selfossi heldur fór alltaf í verslunina Höfn, tók ekki bensín hjá ESSO og átti viðskipti við Landsbankann en Búnaðarbankinn þótti of tengdur Framsókn. Þegar gamli maðurinn vissi um hvað ég ætlaði að skrifa lokaritgerð varð honum að orði: „Já, en Eyrún, þetta var geggjað fólk!“

²³ 20. Öldin, brot úr sögu þjóðar 2000:222

²⁴ 20. Öldin, brot úr sögu þjóðar 2000:157

²⁵ Pistillinn, Áratugur 1961-1970

Árið 1975 fór VÍSIR að birta greinar um meinta spillingu og samtryggingu stjórnámálanna úr öllum flokkum við litla hrifningu sjálfstæðismanna, en VÍSIR var málgagn þeirra. Sjálfstæðismönnum var ekki hlíft frekar en öðrum. Ýmislegt kom fram sem varpaði ljósi á innbyrðis tengsl stjórnámálanna við fyrirtæki og stofnanir.²⁶ Skrif Vilmundar Gylfasonar blaðamanns, sem á þessum árum var að koma fram á sjónarsviðið í íslenski pólitík, vógu einnig þungt í þessum uppljóstrunum.²⁷ Olúhneykslið sem upp komst árið 1958 var eitt fyrsta málið af þessum toga og hefur vafalaust opnað augu manna fyrir þessari hættu, en með auknu fjármagni og samtryggingu atvinnufyrirtækja og stjórnámálanna varð til það sem Finnur Torfi Stefánsson kallaði „hina nýju stétt.“ Hann vildi meina að stjórnámálamenn tengdust fjármálaöflum og gætu boðið fyrirgreiðslu fyrir stuðning. Þar með væri lýðræðið í hættu því flokkar og fjármálamenn gætu ráðið yfir fjölmiðlum og stofnunum ríkisins og haft áhrif á kjósendur. Ríkið væri í rauninni einrátt og hefði samvinnu við atvinnurekendur vegna sameiginlegra hagsmuna. Hér skipti höfuðmáli að löggjafar-, framkvæmda- og dómvaldið var á höndum ríkisins, og eina mótvægið voru verkalýðssamtökin, sem reyndu að knýja á um úrbætur fyrir umbjóðendur sína.²⁸ „Litli maðurinn“ átti sér því formælendur fáa gegn ofurefli ríkis og atvinnurekenda, þar til Albert Guðmundsson tók hann uppá arma sína löngu síðar.

Barátta verkalýðsforystunnar fyrir styttingu vinnutímans bar þann árangur að árið 1942 var vinnuvikan stytt úr **60 (!!!)** stundum í 48, og vorið 1965 í 44 stundir. Með því að stytta vinnudaginn gafst almenningi tækifæri til menningarneyslu og menntunar og voru augljós merki um jákvæðar breytingar í þá átt árið 1965. Fólk var farið að ferðast meira og menntun hafði aukist frá árinu 1942.²⁹

Barátta fyrir bættum kjörum kvenna var áberandi á árunum 1960-1975, og sérstaklega síðari hluta þess tímabils. Árið 1961 var samþykkt að stefna að jöfnum launum kvenna og karla; sömu laun fyrir sömu störf, og átti að ná þessu markmiði í áföngum á sex ára tímabili.³⁰

²⁶ Illugi Jökulsson og fleiri 2001:313

²⁷ Illugi Jökulsson og fleiri 2001:314

²⁸ Illugi Jökulsson og fleiri 2001:315

²⁹ Einar Bragi 1965:87

³⁰ „Toppkratar og íhald samþykkja takmarkað réttlæti í 6 pörtum.“ 1961:2 / „Hagkvæm og sanngjörn lausn á mikilvægu réttindamáli“ 1961

Enn er beðið eftir efndum á þeirri stefnu. Rauðsokkahreyfingin var stofnuð árið 1970 og árið 1975 var Kvennafrídagurinn haldinn hátíðlegur með þátttöku um 25.000 kvenna í hátíðahöldum á Lækjartorgi.³¹ Ýmislegt ávannst í baráttumálum kvenna, svo sem frjálsari löggjöf um fóstureyðingar og afnám samsköttunar hjóna sem ýtti undir að konur færu út á launamarkaðinn. Lítil þátttaka kvenna í atvinnulífi, stjórnámálum og stjórnunarstöðum og verkaskipting inná heimilum var meðal þess sem rauðsokkur drógu fram í dagsljósið.³² Málagn þeirra, *Forvitin Rauð*, kom fyrst út árið 1972 og var gefið út í 10 ár.

Hér hefur aðeins verið stiklað á stóru og það helsta nefnt til sögunnar sem gæti varpað einhverju ljósi á samfélagið frá 1960-1975. Þjóðfélagið er að þróast úr því að vera fremur einhæft frumframleiðsluþjóðfélag í flóknara sambland þjónustu og framleiðslu. Tilheyrandi breytingar á stjórnkerfi og fjármálalífi sigldu í kjölfarið. Mikið ávannst í almennum kjaramálum og réttindamálum almennings og smám saman verður til það velferðarþjóðfélag sem við búum í í dag.

1.2. Staða lista- og menningarmála

Það má með sannri segja að móðernisminn hafi ráðið ríkjum í myndlist þjóðarinnar í upphafi 7. áratugarins. Geómetrísk og ljóðræn abstraktlist var afar áberandi og hafði öðlast viðurkenningu eftir harðvítugar deilur á 5. og 6. áratugnum. Um þær mundir sem SÚM-hreyfingin er að koma fram á sjónarsviðið hafði móðernisminn verið „opinber“ liststefna héraðs um nokkurra ára skeið.

Þeir sem fóru með stjórnartaumana í FÍM voru allir á þessari línu og réðu töluvert miklu um stefnu myndlistarmála á þessum tíma. Má þar nefna Valtý Pétursson, sem einnig var listgagnrýnandi Morgunblaðsins og Kjartan Guðjónsson. Þá var Björn Th. Björnsson listgagnrýnandi Þjóðviljans einnig mjög liðtækur við að vinna abstraktlistinni sess.³³

³¹ Illugi Jökulsson og fleiri 2001:233

³² Illugi Jökulsson og fleiri 2001:233

³³ Ólafur Kvaran 1990: 6. kafli. (blaðsíðutal vantar)

Myndlistarmaðurinn Hörður Ágústsson var einnig ötull stuðningsmaður óhlutbundinnar listar og skrifaði greinar í Birting meðal annars. Í grein sinni *Bréf frá París*, 1962, segir hann:

Hver þekkir hug þeirra listamanna sem fyrstir vísa veginn og þeirra er fyrstir taka boðunum? Hvert verður heimsástand að morgni? Hver kannar hug hinna ungu, sem skjóta brumbroddi að stundu liðinni? Er listin í dag vottur upplausnar, leiða eða er hún eyðingarafli sem leysir upp umhverfi sitt? Kannski heilbrigð umbrot, bjarmi af nýjum, ljósum degi?³⁴

Hér má greina ákveðna forspá þess sem væntanlegt er, þ.e. að ekki verði umflúið að listin taki breytingum og ekki endilega með þeim hætti að öllum hugnist það. Hér tjáir hann sig um nýlistina í Evrópu eins og hún kom honum fyrir sjónir. Enda var Hörður víðsýnn og gerði sér far um að setja sig inní nútímalist. Hörður sýndi meðal annars í Gallerí SÚM. Síðar í sömu grein segir hann:

Til þess að nema nútímaviðhorf og vinna, hugsa, skapa og skynja á þeirra leiðum, verður að beina athygli okkar að frjóum jarðvegi sjálfsvitundar. Fráleitt er að stæla náttúruna, þessa mikilúðlegu ásýnd.³⁵

Hins vegar er líklegt að hjá þorra manna hafi landslagsmálverkið og hið figúratíva málverk ennþá verið merkisberi alvöru listar. Íslensk alþýða sem var sprottin úr fremur einföldu sveitalífi og samfélagi hafði varla forsendur til að skilja nútímalist. Abstraktlistin átti fylgi hjá mönnum sem meira vit höfðu á listum en líka hjá hluta almennings. En vinsældir náúralískra málara segir sína sögu um það hvar hjarta þjóðarinnar sló þrátt fyrir að móðerníska listin þætti opinberlega vera rjómi íslenskrar listar á sýningum hér heima og erlendis. Það er því ekki að furða að fólk hafi gersamlega týnt þræðinum þegar SÚM-arar sýndu verk eins og *Landslag* Kristjáns Guðmundssonar eða kostulega gjörninginn *Gúmmífrelsi* eftir Þórð Ben Sveinsson og Karólínu konu hans.

Líklegt er að neikvæð umfjöllun eða þögn gagnrýnenda um sýningar hafi getað haft áhrif á sölu verka, og ef til vill hefur það verið ætlunin í einhverjum tilfellum. Ekki verður annað séð en að Róska sé þeirrar skoðunar í lesendabréfi sínu þann 23. nóvember 1969. Þar

³⁴ Hörður Ágústsson 1962:66

³⁵ Hörður Ágústsson 1962:85

deilir hún hart á Valtý Pétursson og gagnrýni hans á sýningu Ragnars Páls Einarssonar landslagsmálara í Morgunblaðinu nokkrum dögum áður. M.a. segir hún að þeir félagar í FÍM hafi það eitt að markmiði að viðhalda völdum á myndlistarmarkaði og fá sem hæst verð fyrir verkin sín. Þeirra list sé stofnsett stofulist valdastéttarinnar sem þoli enga samkeppni.³⁶ Greinilegt er að mörgum hefur þótt FÍM óþægur ljár í þúfu því í óútgefinni fundargerð frá SÚM stendur:

Ritskoðun FÍM er gömul baktería sem heldur áfram að smita í Ísl. listalífi og hefur undan farin ár sett marga listamenn í sóttkví.³⁷

En það var ekki bara á myndlistarsviðinu sem menn kvörtuðu undan stöðnun, íhaldssemi og forræðishyggju. Í grein sinni, *Ótinn við samtíðina*, 1967, ræðir skáldið Einar Bragi um það hvernig yngri höfundar eru sniðgengnir í skólabókum fyrir nemendur á framhaldsskólaaldri. Bæði á það við um rithöfunda og ljóðskáld, en í greininni er rakið hvernig aldur skáldanna skiptist í bókunum sem eru til umfjöllunar, en það eru *Skólaljóð* í umsjá Kristjáns J. Gunnarssonar og *Lestrabók Nordals*. Um *Lestrabók Nordals* segir Einar:

Hún endar á sögu eftir Kristmann Guðmundsson, höfund sem er hálfsvjetugur að aldri og gaf út fyrstu bók sína fyrir 44 árum. Þó er nýjasta útgáfa (6. prentun) *Lestrabókar* aðeins þriggja ára gömul. En hún er óbreytt að efni frá 3. útgáfu, sem kom úr prentun fyrir 24 árum. Hér er ekki verið að láta samtímann trufla sig. Ég veit þið virðið mér til vorkunnar, þótt ég ræði alls ekki um þessa bók sem nútímabókmenntir. En rétt er að geta þess, að *Lestrabók Nordals* er unglegasta lestrarefni íslensku menntaskólanna!³⁸

Þetta vekur athygli á þeim deilum sem lengi höfðu verið um gildi atómljóðsins og þess frávíks frá þjóðlegum hefðum í ljóðagerð sem það hafði í för með sér. Segja má að atómljóðið og abstraktmálverkið séu eins konar hliðstæður. Jón Óskar skrifar heilmikla grein í *Birting* árið 1966, greinilega orðinn langþreyttur á sífelldum óhróðri og hleypidómum um ljóðagerð þá sem kennd er við atóm. Tilefni skrifanna er grein eftir Kristin E. Andrésson sem birtist í *Tímariti Máls og menningar* sama ár. Eftir að hafa fjallað stuttlega um gagnrýni og

³⁶ Róska 1969:4

³⁷ Ódagsett og óundirrituð fundargerð úr safni SÚM á bókasafni Listasafns Íslands.

³⁸ Einar Bragi 1967:19

gagnrýnendur sem hann segir suma hverja vera fávísa og illa að sér í bókmenntum segir hann:

Annað mál er það þegar lærðir menn taka að skrifa um íslenskar bókmenntir á þann hátt sem þeir hafi gengið í skóla hjá þessum fávísa þrösurum og níðhöggum ljóðsins, en það er einsog allt geti gerzt á þessu forna útskeri sem maður hélt að væri komið í allgóð tengsl við umheiminn, þannig að menn þyrftu ekki að vera einsog afdalafólk í menningarháttum eða hefðu að minnst kosti hugmynd um að eitthvað væri hinumegin við fjallið.³⁹

Hannes Pétursson skáld segir í viðtali við Kolbrúnu Bergþórsdóttur árið 1999 að það hafi verið erfitt að vera skáld á kaldastríðsárunum. Allt hafi verið flækt í flokkspólitík, í öllum listum og bókmenntum og oft hafi það verið á alröngum forsendum.⁴⁰ Undir þetta tekur Guðbergur Bergsson í formála sínum að endurútgáfu bókarinnar *Tómas Jónsson metsölubók*, en hann segir meðal annars:

Í stjórnámalunum höfðu stjórnámalamenn lokast inni í orðaleppum og voru innlyksa þar og áttu litla von um útgönguleið, að þeir gætu tileinkað sér nýtt tungutak af sjálfsdáðum...Innlyksa í orðaleppunum höfðu stjórnámalin hér tekið að sér trúnuð skáld. Þau til hægri áttu tvö og hin til vinstri líka tvö. Við Íslendingar erum fram úr hófi mikið fyrir hliðstæður á öllum sviðum og villumst gjarna á þeim og jafnrétti.⁴¹

Á tónlistarsviðinu voru einnig nokkur umbrot á þessum árum. Tónskáldið Atli Heimir Sveinsson var meðlimur í félagsskap ungra tónlistarmanna sem hét Musica Nova. Félagið hélt nokkra tónleika árlega og flutti nýstárlega tónlist sem ekki féll alltaf í kramið hjá hlustendum og olli jafnvel hneykslun. Gagnrýnandi Morgunblaðsins segir Musica Nova veita tækifæri til að fylgjast með því nýjasta í nútímatónlist héraendis. Honum virðist þó ekki þykja mikið til tónsmíðanna koma þó flutningurinn sé iðulega vandaður að hans mati.⁴² Hópurinn flutti „elektróníska atómmúsik“⁴³ m.a. eftir Magnús Blöndal Jóhannsson, sem mörgum þótti

³⁹ Jón Óskar 1966b:1

⁴⁰ *Íslensk bókmenntasaga V* 2006:106

⁴¹ Guðbergur Bergsson 1987:3-4.

⁴² Jón Þórarinnsson 1965:6

⁴³ Illugi Jökulsson og fleiri 2001:172

fara illa í eyrum, að ógleymdum víðfrægum gerningi árið 1965 sem átti eftir að draga dilk á eftir sér.

Þann 16. maí 1965 birtist tilkynning í Morgunblaðinu; „Nýstárleg verk flutt á tónleikum Musica Nova.“ Í greininni er sagt frá tónleikum sem fluttir verði daginn eftir, og er listafólkinu gerð góð skil með heilmikilli umfjöllun um menntun og störf þeirra á tónlistarsviðinu og lofaði það góðu. Fáa hefur líklega grunað hvað í vændum var. Mánudagskvöldið 17. maí voru tónleikarnir haldnir að viðstöddu fjölmenni en meðal viðstaddra voru sem dæmi Erró og Dieter Roth. Tónleikunum er lýst svo í Morgunblaðinu:

Á mánudagskvöld efndi félagið „Musica Nova“ til eins konar hljótleika í Lindarbæ, þar sem bandarísk kona og kóreskur karlmaður komu fram og sýndu ýmsa trúðleika. Sér til aðstoðar höfðu þau vélmenni, celló, þvottabala, píanó, tvær samansoðnar olíutunnur, snuð, sprengdu blöðrur með logandi eldspýtum o.fl. Kóreumaðurinn lék meðal annars á píanó með snuð upp í sér, makaði sig í kvoðu, buslaði í þvottabala, fullum af vatni, og drakk síðan vatn úr skó sínum. Vélmennið gekk um gólf og Kóreumaðurinn þeytti grjónum framan í áheyrendur. Konan lék á celló, klifraði síðan upp á olíutunnurnar og hvarf ofan í þær. Skömmu síðar kom hún upp rennvot og hóf cellóleikinn að nýju. Þá leysti Kóreumaðurinn niður um sig á sviðinu, settist að nýju á stól og sneri sér hægt í hring meðan músík var leikin af segulbandi.⁴⁴

Forviða áhorfendur vissu ekki hvaðan á sig stóð veðrið. Í Þjóðviljanum segir um viðtökur áhorfenda;

Allmargt manna var saman komið í Lindarbæ og urðu þeir að vonum ákaflega forvirraðir yfir þessum ósköpum. Þó nokkrir gengu út, og aðrir munu hafa hafa verið á báðum áttum um hvort þeir ættu ekki að gera eins. – Heyrst hefur, að menn sem í sjálfu sér hafa ekkert á móti fyrirtæki sem „happening,“ hafi þótt frammistaða gestanna heldur leiðinleg og lítt frumleg...⁴⁵

Einhver hafði á orði að einna skemmtilegasti hluti uppákomunnar hafi verið þegar Atli Heimir læddist með vatnsfötur yfir sviðið til að fylla á olíutunnurnar, og síðan þegar hann þurfti að þurrka bleytuna upp með skrubbb og tusku að vopni. Þessi kostulega uppákoma

⁴⁴ „Skripalæti trúða í Lindarbæ“ 1965:27

⁴⁵ „Raksápa með baunum“ 1965:12

hristi heldur betur upp í menningarlífi landans, mikið var skrafað og skrifað um atburðinn og stóðu sumir á öndinni af hneykslun en Atla Heimi var hins vegar vikið úr Musica Nova.

Atli Heimir skrifar grein í Birting árið 1967 þar sem hann fjallar um listamannalífið og er greinin öðrum þræði varnargrein um nútímalistsköpun. Þar segir m.a.:

Óvissa um markmið og öryggisleysi fylgja listamanninum alla ævi hans. Það er enginn, sem getur sagt honum eða bent honum á, hvert ber að stefna. Oft veit listamaðurinn ekki sjálfur hvert hann á að stefna eða hvert hann stefnir. Það hefur engum tekizt að spá neinu um framtíð listarinnar, og hún breytist vanalega þveröfugt við það, sem vísustu menn halda.⁴⁶

Og seinna í sömu grein:

Ég get varla hugsað mér annað en að þau verk sem ég hef gert, hverfi um leið og ég af þessu tilveruplani, því þau eru svo samtengd mér og mínu lífi, svo mikill hluti af sjálfum mér. Þau eru kannski heldur ekki svo merkileg, því ég veit ekki betur en lærðir og gáfaðir menn hafi lýst því yfir á opinberum vettvangi, að verri músík hafi varla verið sett saman af nokkrum manni hérlendis.⁴⁷

Hugmyndir Atla Heimis um það hvernig list hans er samofin lífi hans eru athyglisverðar og minna á hugmyndir *Fluxus*-hreyfingarinnar sem vildi koma listinni inní lífshættina; listin átti að verða hluti af lífinu.

Leikhúslífið hérlendis litaðist af því sem var að gerast í öðrum löndum, rétt eins og bókmenntirnar og myndlistin. Á 7. áratugnum fór atvinnuleikhús að festa sig í sessi, en á tímabili störfuðu 3 leikhús í borginni. Stefna leikhúsanna varðandi nýjan íslenskan leikskáldskap varð smám saman markvissari, enda hljóp mikill vöxtur í þá bókmenntagrein eftir 1960.⁴⁸ Það sem einkum einkennir leikrit sem sýnd voru hérlendis í byrjun 7. áratugarins er það sem kallast „leikhús fáránleikans“ en það voru höfundar eins og Bertholt Brecht, Samuel Beckett, Harold Pinter og Eugene Ionesco sem voru helstu áhrifavaldar. Sett voru upp leikrit eftir suma þessara höfunda uppúr 1960, en þau hlutu afar misjafnar viðtökur, enda „absúrd“ og mörgum þótti þau illskiljanleg. Rökrétt er að álykta að verkin séu í anda

⁴⁶ Atli Heimir Sveinsson 1967:26

⁴⁷ Atli Heimir Sveinsson 1967:26-27

⁴⁸ *Íslensk bókmenntasaga V* 2006:228

framúrstefnunnar, svolítið Dada-leg. Þessir höfundar byggðu hugmyndir sínar á tilvistarstefnunni og vildu sýna fram á fáránleika tilverunnar með einum eða öðrum hætti. Dæmi um sýningar sem settar voru upp hér á landi eru *Beðið eftir Godot* eftir Beckett og *Nashyrningarnir* og *Sköllóttu söngkonan*, bæði eftir Ionesco. Hérlendir höfundar nýttu sér ytri einkenni þessara verka en tilgangurinn virðist annar, þ.e. það er meiri boðskapur og meining í íslensku leikritunum. Pólitískt orsakasamhengi, háðsk siðferðisádeila og samfélagsgagnrýni er áberandi þáttur í verkum þeirra flestra.⁴⁹ Halldór Laxness reið á vaðið hér með *Strompleik* sínum (sýnt 1962), og í kjölfarið komu *Prjónastofan Sólin* (sýnt 1966) og *Dúfnaveislan* (sýnt 1966). Jökull Jakobsson telst einnig til absúrd-höfunda þrátt fyrir að vera fremur raunsæislegur höfundur, en sækir þó áhrif til Harold's Pinter. Eitt helsta viðfangsefni hans er samskipti manns og framandi heims og það á hann sameiginlegt með absúrdistum. Jökli eru hugstæð vandamál samtímans, firringin og leitin að hamingjunni sem fólk telur að finnist í veraldlegum gæðum. *Sjóleiðin til Bagdad* (1965) er sem dæmi heilmikil ádeila á borgarastéttina og innihaldsrýrt líf hennar. Jökull var gagnrýndur fyrir að vera ekki nógu pólitískur, en það var aðaláhersla 7. áratugarins.⁵⁰

Þá má nefna höfunda eins og Erling E. Halldórsson sem skrifaði m.a. leikritið *Reiknivélin* (1964) í anda absúrd-leikritunar.⁵¹ Það leikrit þótti illskiljanlegt og lokað og fékk ekki góðar undirtektir. Guðmundur Steinsson leit á leikritun sem vísindi svipuð þjóðfélagsfræði og mannfræði. Fyrsta leikrit hans sem sett var á fjalirnar, *Forsetaefnið*, var sýnt í Þjóðleikhúsinu árið 1964. Leikrit Guðmundar fjalla að miklu leyti um rannsóknir á mannlegri hegðun og Guðmundur hefur trú á erindi leikhússins við að finna lausn á tilvistarvanda nútímamannsins sem...

...er firrtur guði sínum og hefur því tapað sjálfum lífstilganginum, en skilgreining absúrd-leikhússins er einkum byggð á þessari almennu tilfinningu kjarnorkualdarmannsins... Allt er orðið manningnum framandi og tæknin sem hann hefur skapað til þes að létta sér tilveruna hefur ekki gert annað en firra hann sjálfum sér.⁵²

⁴⁹ *Íslensk bókmenntasaga V* 2006:233-234

⁵⁰ *Íslensk bókmenntasaga V* 2006:247-249

⁵¹ *Íslensk bókmenntasaga V* 2006:243-244

⁵² *Íslensk bókmenntasaga V* 2006:247-249

Leikskáldið og gagnrýnandinn Oddur Björnsson reri á svipuð mið. Hann hafnaði því að leikhúsið ætti að þóknast almenningi og taldi það vera „nýja tegund af snobberii,“ en vildi þess í stað að leikhúsið væri notað sem tæki til að gagnrýna og benda á misfellur og „afskræmingu mennskunnar.“ Í stærri verkum sínum „...bregður [hann] upp mynd af siðbrennlaðri veröld í upplausn, þar sem mannlegri skynsemi og mannlegri viðleitni stendur ógn af rökleysu villimenskunnar.“ Hann reið á vaðið með útvarpsleikriti er nefndist *Einkennilegur maður* (1962) og var það sett á svið ári síðar. Í sumum verkum hans má greina satíriska ádeilu á íslenska borgarastétt, s.s. í *Köngulónni* og síðar í *Brúðkaupi furstans af Fernara* (1970) og *Dansleik* (1974).⁵³ Oddur var tengdur Dieter Roth, þeir voru svilar.

Leikrit þessara höfunda fengu misgóðar viðtökur eins og gengur og þótti sumum full langt gengið í fáránleika og illskiljanlegum aðferðum. Fólki þótti verkin of þung og alvarleg og mestu aðsóknina fengu jafnan verk sem voru létt og auðskilin, gamanleikir og þess háttar. Almennt virðist viðhorfið hafa verið að leikhúsið væri munaður sem fólk vildi hafa gaman af að veita sér, en ekki til að sitja undir leiðinda siðferðisboðskap og áróðri. Samt fá mörg þessara verka ágætis gagnrýni og umfjöllun enda gagnrýnendur margir hverjir sérfræðingar í bókmenntum og leikhúsfræðum og höfðu því forsendur til að leggja annan skilning í verkin en „sauðsvartur almúginn.“

Það virðist því hafa verið við ramman reip að draga ef einhverju nýju átti að koma á framfæri. Þó er hægt að greina vangaveltur manna yfir því hvað olli þessum „undarlegheitum“ öllum saman og má sjá það til dæmis í áðurnefndum skrifum Harðar Ágústssonar þar sem hann veltir því upp hvort nútímalistin sé eyðingarafli eða „...bjarmi af nýjum, ljósum degi?“⁵⁴ Í gagnrýni Jóns Þórarinssonar um *Musica Nova* í Morgunblaðinu má greina svipaðar vangaveltur þar sem hann talar um að ef til vill sé tónlistin sprottin af „...örvæntingarfullri viðleitni til að höndla tón þess tíma...“⁵⁵

⁵³ *Íslensk bókmenntasaga V* 2006:250-257

⁵⁴ Hörður Ágústsson 1962:66

⁵⁵ Jón Þórarinsson 1965:6

2. Ný viðhorf

2.1. Framúr stefnan

Ef litið er til baka yfir íslenska myndlistarsögu, þá er augljóst að hún er stutt og fremur einsleit lengi framan af. Einkum var um að ræða málverk og virðist íslenska málverkið þróast með rökréttum hætti ef svo má að orði komast, allt frá landslagsmálverkinu raunsæja yfir í óhlutbundna myndgerð. Hér byggist skynjunin á fagurfræðilegum forsendum, sem liggja í eðli myndgerðarinnar; litum, formum, hlutföllum og skipulagi rýmis.⁵⁶ Miklar deilur spruttu hérlendis um óhlutbunda (móderníska) málverkið sem þótti óþjóðlegt og framandi þegar það kom fram, en á 6. áratug síðustu aldar má segja að sú myndgerð hafi náð fótfestu og viðurkenningu á opinberum vettvangi.

Hins vegar eru ýmsar hræringar í gangi erlendis og mun flóknari þróun á listasviðinu en hérlendis á sama tíma. Dadaisminn frá öðrum áratug 20. aldar og listhugmyndir Marcel Duchamp náðu ekki hingað og hefðu að líkindum aldrei hlotið hljómgrunn hér á sínum tíma einfaldlega vegna þess að menningarlegur bakgrunnur þjóðarinnar var mun einfaldari en gerðist hjá stórþjóðum Evrópu. Þær stefnur sem má tengja við listhugmyndir SÚM-ara eiga sér rætur í hugmyndum Duchamps og Dada. Þar er um að ræða popp-list, Fluxus, pólitíska list, konseptlist og Arte povera. Allt eru þetta stefnur sem komu upp eftir síðari heimsstyrjöld, á 6. og 7. áratug síðustu aldar og má túlka sem andsvar við móðernismanum. Eitt megineinkennið er höfnun hugmynda um fagurfræðilegt gildi listaverksins.⁵⁷

Fluxus-hreyfingin andmælti efnishyggju eftirstríðsáranna með því að benda á hverfuleika listaverksins, listin átti að verða hluti af lífinu. „Fluxus var stofnað til höfuðs fagurlistum, og markmiðið var að útrýma þeim.“ Sjálfsdýrkun listamannsins og fagmennska í listinni var andstætt hugmyndum hópsins. Menn áttu ekki að lifa af listinni.⁵⁸ Það var George Maciunas sem fann þetta hugtak sem nafn á hópinn og þótti það lýsa vel eðli hans. Fluxus (flæði) er „...way of doing things, a tradition, and a way of life and death.“ Fluxus er angi Nýdada hreyfinga fimmta og sjötta áratugarins þar sem listamennirnir sóttust eftir

⁵⁶ Gunnar B. Kvaran 1989:3

⁵⁷ Gunnar B. Kvaran 1989:3

⁵⁸ Halldór Björn Runólfsson 1989:123-124

lýðræðislegri aðferðum við listsköpun og listsöfnun. Í hreyfingunni rúmuðust bæði anarkískir aktívistar (aðgerðasinnar) sem og útópískir róttæklingar. Alls kyns miðlar og aðferðir voru notaðar og var allt jafn gott og gilt hvort sem það var tónlist eða kvikmyndir, ljósmyndun eða leiklist eða eitthvað allt annað. Það voru meir að segja til Flux-giftingar og Flux-skilnaðir. Macunias staðfesti í yfirlýsingu hreyfingarinnar árið 1965, að vinna listamannsins fælist í því að sýna að allt gæti verið list og að hver sem er gæti gert það.⁵⁹ Dieter Roth tengdist meðal annars þessari hreyfingu.

Arte Povera hreyfingin er ítölsk að uppruna og það var listgagnrýnandinn Germano Celant sem ýtti henni úr hlaði. Celant boðaði róttækar breytingar með ávarpi sínu og taldi að...

...kominn væri tími til að listamenn rifu sig lausa undan kúgun ráðandi afla sem sífelld væru að reyna að troða þeim inní mynstur vana og hefðar, þar sem listsköpun þeirra dagaði uppi sem innantómt og andlaust augnayndi.⁶⁰

Eina leiðin til að ná þessu fram væri að leita til Duchamps og listhugmynda hans og reyna að brjóta af sér viðjar vanans sem gæfu ráðandi öflum tækifæri til hagnýtingar listarinnar. Í þeim tilgangi væri best að nýta forgengilegt efni, iðnaðarvarning og fundið drasl. *Arte Povera* hreyfingin stóð á mörkum tveggja tíma. Hún á ákveðið bakland í Nýdada og hugmyndlist sjöunda og áttunda áratugarins. Efniviður í verkum *Arte Povera* er þó alls ekki allur svo fátæglegur eins og nafnið gæti gefið til kynna, því margt var gert úr dýrum eignum. Listamennirnir í *Arte Povera* hópnun komu frá ríkari iðnaðarhéruðum Norður-Ítalíu, en undirliggjandi hugmyndafræði gengur út á að gagnrýna innihaldsleysi og andlega fátækt neyslubjóðfélagsins.⁶¹ Áhrif frá *Arte Povera* birtast í verkum þeirra bræðra, Kristjáns og Sigurðar Guðmundssona.

Popp- list kom fram um miðjan sjötta áratuginn og naut hylli um tíu ára skeið. Megininntak hennar er að gagnrýna skilin milli há- og lágmenningar með því að upphefja myndmál sem ekki þótti hæfa fagurlistum. Dæmi um það eru myndasögur úr hasarblöðum, umbúðir utan af neysluvarningi, leikara- og rokkstjörnumyndir og alls kyns

⁵⁹ Dempsey, Amy 2002:228

⁶⁰ Halldór Björn Runólfsson 1989:125

⁶¹ Dempsey, Amy 2002:268

auglýsingamyndir úr blöðum og sjónvarpi. Kurt Schwitters er einn upphafsmanna popp-listarinnar; árið 1947 gerði hann samklippumynd úr teiknimyndasögum sem hann kallaði *Til Kötlu*. Eduardo Paolozzi gerði samklippumyndir sem birtust skömmu síðar, með pin-up stelpu og kókauglýsingu. Á myndina hafði hann límt orðið Pop! og þaðan kemur nafn þessa stíls. Bresk popp-list kom fram á árunum 1952-55 með þá Paolozzi og Richard Hamilton í broddi fylkingar. Erró var farinn að gera klippimyndir úr blöðum árið 1956. Innan popp-hreyfingarinnar rúmuðust ýmiss konar stílbrögð; ádeilumyndir á neyslumenningu, höggmyndir í skærum litum og myndir af frægum popp-, rokk- og filmstjörnum. Bandaríska popp-listin var flóknari og skyldari ný-dada. Helstu listamenn þarlendir eru Robert Rauschenberg, Jasper Johns og Larry Rivers en síðar kom Andy Warhol með sína ópersónulegu tækni sem varð síðan aðaleinkenni bandarískrar popp-listar. Í kjölfarið kom Roy Lichtenstein með uppstækkaðar myndir úr hasarblöðum þar sem hann breytti textum við myndirnar en í því fólst ákveðin háðsádeila á stöðu nútímalistarinnar.⁶²

Hugmyndlist eða conceptual art sameinar allar aðrar hreyfingar ný-dada, andformrænnar listar og naumhyggju. Í hugmyndlistinni hefur tungumálið öðlast aukið vægi því Duchamp gerði sér grein fyrir því að það er undirstaða allrar skapandi hugsunar. Þar sem sköpun myndlistar væri háð tjáningu og túlkun í máli hlaut myndlistin að lúta sömu lögmálum og önnur skáldleg hugsun. Strúktúralisminn sem kom fram á síðari hluta aldarinnar studdi þetta sjónarmið. „Það var [...] markmið hugmyndlistamanna að færa hugmyndir í áþreifanlegan búning, án þess að búningurinn skyggði á hugmyndina.“ Til að ná þessu markmiði fram var umgjörð listaverksins, efni og aðferð, algert aukaatriði, það átti einungis að vera miðill til að miðla hugmyndinni. Verkin tóku því stundum langan tíma, voru byggð á skynjun í tíma og rúmi. Listamennirnir notuðu texta og alls kyns myndtækni s.s. vídeó, ljósmyndir, en auk þess gjörninga og innsetningar. Listin átti ekki að vera markaðsvæn sölumvara og varanleiki listaverksins því algert aukaatriði, en oft voru gerðar heimildamyndir eða teknar ljósmyndir sem heimildir um verkin.⁶³

SÚM-hópurinn samdi ekki stefnuskrá (ólíkt mörgum hinna erlendu hópa) og var raunar fremur misleitur hópur þar sem hver einstaklingur hafði frelsi til listrænna athafna á

⁶² Halldór Björn Runólfsson 1989:120-121

⁶³ Halldór Björn Runólfsson 1989:126-127

eigin forsendum. Félagið var formlega stofnað og samin lög um það árið 1968, en eina skilgreiningin á því fyrir hvað félagið stóð er í annarri grein laganna og hljóðar svo:

Markmið félagsins er að efla allar þær greinir, sem félagið telur að falli undir „myndlist“ og vinna gegn hvers konar einokun opinber[r]a aðila og félaga á listum. Félagið be[í]tir sér fyrir aukinni alþjóðlegri samvinnu á sviði lista og auknum félagslegum réttindum listamönnum til handa.⁶⁴

Margar fyrrnefndar stefnur áttu sér því hliðstæðu í SÚM. Þannig má sem dæmi flokka margt í list Hreins Friðfinnssonar sem hugmyndlist (conceptual art), en Tryggvi Ólafsson og Sigurjón Jóhannsson myndu teljast til popp-listamanna. Enda kemur ekkert fram í lögnum um það hvað félagið telur að falli undir „myndlist.“ Á hinn bóginn var mörgum neitað um inngöngu í félagið (og aðrir reknir úr því), en ekkert ákveðið kemur fram í gögnunum hvaða forsendur liggja þar að baki.

Á handskrifuðu blaði í gögnum SÚM á bókasafni Listasafns Íslands eru reifaðar hugmyndir SÚM-ara um tilgang félagsins en þar segir:

SÚM á að skapa hugarfarsbreytingu hjá fólki [i] fá það til þess að hugsa lengra en í 30 cm r út frá naflanum á sér S[Ú]M getur skapað þessa breytingu með því að gefa þessu fólki sýn eða skapa það ástand með sinni framleiðslu eða sínu lífernri að það verði til eftirbreytni og þó að hugarfarsbreyting verði eingöngu (sama í hvaða átt) þá er mikið unnið. Takmark SÚM er að láta fólk finna að það lifir ekki eitt sér eða í smáhópum heldur lifa allir saman á ótrúlega litlu svæði hnöttóttu svæði sem heitir jörð og þessa jörð eiga allir sem fæðast og kallinn sem stendur gegnt mér á að finna fyrir mínum iljum....Hópur eins og SÚM getur sannað þetta með því að gera alla hluti fyrir opnum tjöldum án tillits til þess hvað aðrir halda eða segja (bara gera hlutinn) og útkoman verður góð ef farið er eftir kúluídeunni⁶⁵.⁶⁶

Hér dyljast ekki þau háleitu markmið og hugsjónir sem voru leiðarljós í starfi SÚM-ara, þeir vildu hugarfarsbreytingu gagnvart listinni.

⁶⁴ Lög SÚM, samþykkt 16.03.1968. Óútgefið

⁶⁵ Kúluídean gæti mögulega tengst hugmyndum að baki Kúlunnar, fyrirtækis Dieter Roth og Ragnars Kjartanssonar sem rekið var í svörtum kofa við Amtmannsstíg í kringum 1960. Sjá viðtal við Sigurð Guðmundsson bls. 68 í *SÚM 1965-1972*

⁶⁶ Minnisblað SÚM, ódagsett en líklega frá 1968. Óútgefið

Hugmyndir framúrstefnuhópa eftirstríðsáranna hafa verið töluvert skoðaðar og ýmsar kenningar settar fram. En þess ber að gæta að hugtökin *framúrstefna* og/eða *Avant Garde* hafa haft misjafna merkingu gegnum tíðina.⁶⁷ Móðernisminn er ein tegund framúrstefnu sem dæmi. Peter Bürger lítur á róttækar framúrstefnuhreyfingar eftirstríðsáranna (á 6. og 7. áratugnum) sem hálfgerða eftiröpun framúrstefnunnar í byrjun síðustu aldar, og talar um sögulega framúrstefnu og nýframúrstefnu til að skilgreina nánar tengslin þar á milli. Aðrir hafa bent á að ekki sé hægt að tala um eftiröpun, heldur megi frekar líta á framúrstefnuhreyfingar eftir stríð sem úrvinnslu og skapandi endurtekningu á því sem áður var gert.⁶⁸

Reynt hefur verið að spyrða framúrstefnuhópana við pólitík, en raunin er sú að eiginlega er allt pólitíska litrófið að finna í þessum hreyfingum og ekki hægt að fella þær undir einn pólitískan hatt.⁶⁹ Ef litið er á SÚM hópinn þá eru margir listamannanna róttækir og myndu teljast fremur vinstriinnviðir. En gagnrýnendur sem tilheyrðu vinstri væng íslenskra stjórn mála s.s. Kjartan Guðjónsson, voru þó síður en svo hliðhollir þeim.

„Meginmarkmið framúrstefnunnar var, að [Bürgers] mati, að rjúfa einangrun listarinnar sem afmarkaðs athafnasviðs innan borgaralegs nútímaþjóðfélags og gera hana á ný að virku afli í lífsháttum þegnanna.“⁷⁰ Hugmyndir nýframúrstefnumanna gengu iðulega út á það að gagnrýna liststofnunina, þ.e. það hvernig búið var að gera listina að stofnun með safnið sem endapunktur og um leið verður hún að kapítalísku fyrirbæri þar sem hið einstæða listaverk gengur kaupum og söllum. Þeir listamenn sem reru á hefðbundin mið og höfðu það að markmiði að selja sem mest tóku þessari gagnrýni eða árás nýframúrstefnunnar á markaðshyggjuna óstinnt upp. Það er svolítið skondið að '68 kynslóðin sem réðist gegn kapítalísmannum er einmitt sú kynslóð sem situr að völdum í dag og þykir sumum full frek til fjárins.⁷¹ Gagnrýni framúrstefnunnar beinist líka að því hvernig listamaðurinn var gerður að snillingi og að samkvæmt lögmáli listarinnar í borgaralegu samfélagi væri einstaklingurinn

⁶⁷ Van Den Berg, Hubert 2006:52

⁶⁸ Benedikt Hjartarson 2006:226.

⁶⁹ Bru, Sascha 2006:121-140.

⁷⁰ Benedikt Hjartarson 2006:226.

⁷¹ Egill Helgason 2008

skapari listaverksins og undirskrift hans tryggði því ákveðna áru. Á þetta deildi Duchamp meðal annars með *ready-mades* verkunum sínum.⁷²

Viðhorf fólks til listarinnar litaðist ekki síst af því að listaverkið átti að hafa eitthvert notagildi svo sem skreyta hífýli og torg með fegurð sinni. Erfitt er að finna list nýframúrstefnunnar stað innan þeirrar skilgreiningar, því margt af verkum þeirra er gert úr hverfulum efnum, svo sem matvælum sem rotna og öðru slíku. Gerningar og uppákomur af ýmsu tagi voru þar að auki einstakir atburðir sem ekki var hægt að „nýta“ á nokkurn hátt. Enda var það eitt markmið nýframúrstefnunnar að búa til list sem ekki væri söluvara og brjótast með því undan hinu kapítalíska kerfi. Um þetta segir Bürger:

Í listaverki estetítismans er aðgreining listaverksins frá lífsháttum, sem einkennir stöðu listsköpunar innan borgaralegs þjóðfélags orðin að eðlislægu inntaki verksins. Þar með öðlast listaverkið tilgang í sjálfu sér, í fyllstu merkingu þeirra orða. Í estetítismanum verður þjóðfélagslegt áhrifaleysi listarinnar augljóst. Gegn þessu áhrifaleysi tefla listamenn framúrstefnunnar ekki listsköpun sem gæti haft bein áhrif á núverandi þjóðfélag, heldur lögmálinu um upphafningu listarinnar í lífsháttum. Slík hugsun útilokar aftur á móti að hægt sé að skilgreina notagildið. Þegar listin hefur verið færð út í lífshættina á ný er ekki einu sinni hægt að benda lengur á skort á þjóðfélagslegu notagildi, líkt og hægt er að gera í list estetítismans. Þegar list og lífshættir mynda eina heild, þegar hátterni mannsins verður fagurfræðilegt og listin verður að hátterni er ekki lengur hægt að koma auga á notagildi listarinnar, einmitt vegna þess að aðgreining sviðanna tveggja (listar og lífshátta), sem hugtakið notagildi grundvallast á, er fallin úr gildi.⁷³

Tania Ørum fjallar um það í grein sinni *Nýframúrstefnan sem endurtekning*, hvernig nýframúrstefnuhreyfingar 7. áratugarins skynjuðu breytta tíma, hið gamla var að baki og nýtt að taka við. Sú skynjun kemur einnig fram m.a. í skrifum Roland Barthes um dauða höfundarins og Michel Foucault sem fjallaði um tungumálið „...og að maðurinn sé á leiðinni að farast á sama tíma og verund tungumálsins ljómar bjartar en nokkru sinni...“ Einnig skrifaði Jaques Derrida um endalok bókarinnar. Foucault og Barthes „...spá fyrir um fæðingu lesandans og afnám höfundarréttar, einstaklingsbundinnar tjáningar og einstakra listaverka -

⁷² Bürger, Peter 2006:248

⁷³ Bürger, Peter 2006:246.

en með því er bilið brúað milli listamannanna og viðtakandans/fjöldans og listiðkun felld inn í hversdagslífið...“ Það samrýmist kenningum Bürgers um það sem framúrstefnuhreyfingar 7. áratugarins reyndu að gera. Hann kemst einnig að þeirri niðurstöðu að framúrstefnuhreyfingarnar hafi með tilraunastarfsemi sinni viljað auka lýðræðið á öllum sviðum samfélagsins.⁷⁴

Nýframúrstefnan snýr spjótum sínum í rauninni að því sama og Dadaistarnir gerðu forðum daga. „Hugmyndir Dadaistanna mótuðust af anarkismanum og valdið, þjóðremban og menningin sem yfirbygging þjóðfélagsins voru í þeirra augum angar af sömu ófreskjunni, sem leitt hafði mannkynið út í hildarleik heimsstyrjaldarinnar.“⁷⁵ Nýframúrstefnan er því skv. þessu eins konar viðbragð gegn sívaxandi ógn af kjarnorkuvopnum, vopnakaþphlaupi stórveldanna og stríðsrekstri í Víetnam, kapítalísmannum og menningarlegu forræði svo dæmi séu nefnd. Hérlandis beinist gagnrýnin m.a. að veru bandaríska hersins hér á landi, að kalda stríðinu og heimsvaldastefnu stórþjóðanna, en einnig að íslenskum veruleika.

2.2. Viðtökur og gagnrýni á íslensku framúrstefnunna

Sú staðreynd að með tilkomu SÚM bárust til landsins framandi straumar og algerlega nýjar hugmyndir um eðli myndlistarinnar, leiðir hugann að því hvaða viðtökur hópurinn fékk og hvort þjóðfélagið var orðið nógu „þroskað“ og í stakk búið að taka á móti þeim. Dieter Roth hefur haft einhver áhrif á framvindu mála, en margir SÚM-ara þekktu til verka hans. Jón Gunnar Árnason og Dieter voru perluvinir og það var fyrir tilstilli Dieters að Jón fór utan á sýningar 1960-61. Það skýtna er að þrátt fyrir að Dieter Roth hafi komið með byltingarkenndar hugmyndir inn í hið fábrotna íslenska myndlistarlíf, þá virðast flestir hérlandir gagnrýnendur hafa veigrað sér við því að deila á hann, ef til vill vegna þess að hann var töluvert þekktur erlendis og vel heima í listheiminum. Reyndar hafði Thor Vilhjálmsson deilt nokkuð harkalega á Dieter í Birtingi eftir að sá síðarnefndi hannaði nýtt útlit á Birting 1957. Var Thor ekki ánægður með þá nýbreytni sem þar kom fram og fannst þessar nýstárlegu uppsetningar textans draga athygli frá lesefninu. Aðrir í ritnefnd Birtings skrifuðu

⁷⁴ Ørum, Tania 2006:150-151

⁷⁵ Ólafur Gíslason 1989:10

svar við gagnrýni Thors þar sem þeir lýsa ánægju með störf hans fyrir tímaritið og eru algerlega ósammála Thor.⁷⁶

En ef til vill var Dieter sjaldan gagnrýndur vegna þess að hann var „utangarðsmaður“, hann var útlendingur og þar af leiðandi litið á hann sem framandi stærð í íslenskri menningu (en að auki báru Íslendingar nánast lotningarfulla virðingu fyrir útlendingum). Þegar Íslendingar sóttu á svipaðar slóðir horfði málið öðru vísi við. Til marks um þetta vísa ég í orð Kjartans Guðjónssonar í Þjóðviljanum en þar segir:

Í sýningarsamtökum ungra listamanna, SÚM, eru nokkrir menn allvel og sumir ágætlega af guði gerðir, þótt þeir séu illa haldnir af meinlokum og enn verr af þekkingarskortum, að undanskyldum spámanninum diter rot.⁷⁷

Eftir andsvör nokkurra SÚM-ara skrifar Kjartan aðra grein og segir þar:

Diter rot er um margt forvitnilegur maður. Hann á rætur sínar í evrópskri hámenningu, vel menntaður í myndlist að fornu og nýju. Slíkur maður kann engin önnur ráð þegar hann er vaxinn úr grasi, en að hlaða upp rusli, mygluðum matarleifum og súkkulaði, svo eitthvað sé nefnt. Hvað veldur þessum ósköpum, þessum yfirþyrmandi leiða?...Hann mun frægur af verkum sínum vítt um lönd, spámaður með hjörð, og það er haft fyrir satt að honum hafi aldrei stokkið bros. Hvað sem veldur, þá er menningarleiði diter rots trúverðugur. Á Íslandi hefur hann skilið eftir lambhrúta leitandi út um allar koppagrundir að drasli í listaverk, og menningarleiðinn þar tæplega trúverðugur. Það er varla að þeir þekki vestræna menningu nógu vel til þess að geta verið orðnir leiðir á henni...⁷⁸

Þessar tilvitnanir skýra vel þau viðhorf sem hinir ungu og upprennandi listamenn máttu glíma við. Menn vissu svo sem að slíkar hræringar væru til erlendis en þótti þær engan veginn eiga heima hér. En mesta furðu vekur þó að þessir sömu menn sem börðust gegn SÚM í ræðu og riti höfðu sjálfir mátt berjast fyrir listrænum tilverurétti sínum fáeinum árum áður. Kjartan nefnir það í seinna svari sínu að með septembersýningunni 1947 hafi orðið bylting í

⁷⁶ Thor Vilhjálmsson 1958:46-47, sjá einnig viðtal Einars Braga við Dieter bls. 43-45 í sama tímariti.

⁷⁷ Kjartan Guðjónsson 1969a:5

⁷⁸ Kjartan Guðjónsson 1969b:4

myndlistinni á Íslandi og ýjar að því að eitthvað svipað sé að gerast með tilkomu SÚM, enda þótt hann sé ekki sammála því sem þeir eru að gera.⁷⁹ Það er forvitnilegt að skoða hvað liggur að baki þessari andstöðu forystumanna FÍM, sem hefði mátt ætla að stæðu við bakið á ungum og nýjungagjörnum listamönnum. Með hliðsjón af því sem hér hefur komið fram má gera því skóna að FÍM hafi viljað standa vörð um *listina sem stofnun* og þá ekki síst af fjárhagslegum ástæðum. Skv. fundargerð SÚM árið 1973 virðist FÍM þó síðar hafa gert þeim einhvers konar tilboð um inngöngu í félagið en þar stendur:

Að lokinni kaffidrykkju og léttu hjali hófst fundur á ný með nýjum krafti. Hið vonda FÍM var á dagskrá. Enginn vildi taka neina afstöðu til þess félags. Ákveðið var, að engin ákvörðun um boð um inngöngu í FÍM skyldi vera tekin, heldur láta hana bíða betri tíma, uns nánari fréttir bærust um hið góða boð. Stungið var uppá við FÍM, að stofnað verði stéttarfélag allra starfandi myndlistarmanna, en hvert félag innan samtakanna stæði engu að síður áfram sem sérstakt félag. Þegar félögum SÚM bærst formlegt boðsbréf um inngöngu í FÍM, ættu þeir að skrifa félaginu sameiginlegt bréf.⁸⁰

Árið eftir er málið enn á dagskrá fundar SÚM, og er „afstaða SÚM til FÍM“ þriðja mál á dagskrá. Einhverjar þreifingar virðast hafa verið milli félaganna tveggja og sitt sýndist hverjum. Í samantekt fremst í fundargerðinni segir:

A: Ákveðið var að gera alvöru úr því, að senda til réttra aðila undirskriftalista, sem útbúinn var á síðasta aðalfundi SÚM og átti að vera andsvar við tilraunum FÍM, að lokka til sín einn og einn sümmarann í einu. Könnunarviðræðum haldið gangandi milli félaganna án rembinga, eftir því sem tilefni gæfust. Jón Gunnar valinn í viðræðunefndina Hildi og Þorbjörgu til aukins halds og trausts.⁸¹

Róska mun hafa verið félagsmaður í FÍM, en heilmikill styrk stóð um verk eftir hana sem var hafnað á septembersýningu FÍM árið 1969, vegna þess að myndin þótti of „aggressíf“ að hennar sögn.⁸² Magnús Tómasson og einhverjir fleiri úr SÚM gerðust einnig félagsmenn á

⁷⁹ Kjartan Guðjónsson 1969b:4

⁸⁰ Guðbergur Bergsson 1973 (Óútgefið)

⁸¹ E. G. (líklega Einar Guðmundsson) 1974 (Óútgefið)

⁸² „Myndin sem var hafnað.“ 1969a:1 / „Myndin sem var hafnað.“ 1969b:1 / Kjartan Guðjónsson 1969a:5

þeim forsendum að um stéttarfélag væri að ræða. En þegar þau Róska báru upp nöfn annarra SÚM-ara og vildu að þeim yrði boðin þátttaka í FÍM var því neitað og sögðu þau sig þá úr FÍM.⁸³ Þess ber þó að geta að það voru skiptar skoðanir innan SÚM um aðild að FÍM og til dæmis lagðist Guðbergur Bergsson alfarið á móti aðild og sagði „...að FÍM væri deyjandi félag, sem ætti að fá að rotna í friði.“⁸⁴

Gagnrýni á SÚM var þó alls ekki öll neikvæð. Sumir virðast hafa haft lúmskt gaman af. L. Þ. skrifar dálitla grein í Þjóðviljann 1969 um þessa sömu sýningu SÚM og Kjartan fjallaði um, og er sú gagnrýni öllu jákvæðari og bregður fyrir íronískri sýn á verkin.⁸⁵ Sá víðsýni maður skrifar einnig um sýningu FÍM sem var á svipuðum tíma og SÚM-sýningin, haustið 1969, og þótti hún fremur litlaus og „akademísk“ og segir meðal annars:

En enginn fær gert við náttúrulegri hrörnun, og allir eigum við eftir að ganga sömu leið. Það er heldur ekki með nokkurri sanngirni hægt að krefjast þess að sömu menn séu sífellt boðberar nýrra tíma og þó forráðamenn FÍM hafi margir tekið þátt í septemberbyltingunni 1947, er auðvitað ekki þar með sagt að þeir hafi þrótt til menningarbyltingar 1969.⁸⁶

Forstöðumaður Listasafns Íslands sýndi list SÚM-ara fálæti. Í gögnum félagsins á bókasafni Listasafnsins má sjá boðskort á sýningar til Selmu Jónsdóttur sem hún virðist ekki hafa notað. Í kostulegri fundargerð Guðbergs Bergssonar á aðalfundi SÚM 1973 segir m.a.:

...enda á SÚM-list ekki upp á pallborðið hjá stjórnendum Listasafns Íslands. Engum datt í hug að slá saman í bomsur handa Selmu Jónsdóttur svo að hún gæti komist yfir aurinn og leðjuna í portinu og skíðalyftu, sem gæti lyft undir bossann á henni upp stigana. Selma kveðst ekki geta komist á SÚM-sýningar sökum aurs, bleytu, stiga og fótaveiki. En hin raunverulega ástæða er þyngd bakkinnanna⁸⁷

⁸³ *SÚM 1965-1972* 1989

⁸⁴ E. G. (líklega Einar Guðmundsson) 1974 (Óútgefið)

⁸⁵ L. Þ. 1969a: 4

⁸⁶ L. Þ. 1969b:7

⁸⁷ Guðbergur Bergsson 1973. *Fundargerð SÚM*, 10. nóvember. Óútgefið.

Í bókinni *SÚM 1965-1972* eru nokkrir listamenn úr hópnum spurðir út í viðtökur almennings og tala þeir um að ákveðinn hópur hafi fylgt þeim, um það bil 200 manns, og haft gaman af sýningunum, þannig að ekki var bara um neikvæðar viðtökur almennings að ræða.

Tregða við að meðtaka nýja tíma og breytingar var þó ekkert einsdæmi. Bylting þeirra FÍM-manna árið 1947 og fárið í kringum hana er eitt dæmið. Meðal annars gagnrýndi Kristinn E. Andrésson, ritstjóri Tímarits Máls og menningar, abstraktmálverkið harðlega. Kristinn var mikill vinstriamaður rétt eins og Kjartan Guðjónsson. Töluverð andstaða varð sömuleiðis þegar Finnur Jónsson, sem talinn er fyrsti íslenski listamaðurinn sem tekur þátt í framúrstefnunni,⁸⁸ setti upp sýningu árið 1925. Sýndi hann þar expressjónísk málverk ásamt sérstæðum geómetrískum verkum, en Finnur hafði tengst *Der Sturm* hópnum í Þýskalandi. Geómetrísku verkin voru af konstrúktívískum toga og mjög lituð af 19. aldar sýmbólisma. Þessi framúrstefnuverk fengu blendnar viðtökur en Finnur hætti fljótlega að mála í þessum stíl og sneri sér alfarið að hefðbundnara málverki. Ekki er víst að gagnrýnin ein og sér hafi valdið mestu um það, heldur rofnuðu tengsl Finns við hópinn erlendis og líklegt er að það hafi ekki síður haft áhrif.⁸⁹

Athygli vekur að konstrúktívisminn sem skyldur er geómetrísku abstraktlistinni (sem var m.a. byltingarkenndur þáttur í sýningu FÍM 1947) á rætur að rekja til Rússlands og tengist byltingunni þar, en ráðamenn í Rússlandi vildu ekki kannast við krógann og gerðu þjóðfélagsrealisma að sínu opinbera þjóðarmálverki. Má tengja þá Kjartan og Kristinn E. sinn við hvora stefnuna, enda báðir vinstrisinnaðir Sovétvinir.

2.3 Brotnar helgimyndir

Samfélagsmyndin sem lýst hefur verið er á yfirborðinu framsækin og í stöðugri þróun í átt til velmegunar, en undir niðri var töluverð stífni, ósveigjanleiki og afturhald. Manni dettur í hug að menn hafi viljað innleiða einhvers konar fyrirmyndarþjóðfélag í hinu unga lýðveldi, þjóðfélag sem átti að byggjast á fornri frægð sagnahetjanna og þeim manngildisviðmiðum sem þar er að finna. Það átti að breiða yfir og fela allt sem gat verið óþægilegt og ljótt en ota fram því sem ráðandi öfl töldu menningarlegt að hætti annarra þjóða, en þó með þeim

⁸⁸ Van den Berg, Hubert 2006:51

⁸⁹ Van den Berg, Hubert 2006:72

fyrirvara að það væri þjóðlegt og íslenskt. Þessu til staðfestingar má benda á ferðamannabæklinga ætlaða útlendingum frá 7. áratugnum, en þar er þetta viðhorf greinilegt. Ef skoðuð er dagskrá Ríkisútvarpsins frá þessum tíma er auðsætt að menningartengt efni tengist frekar „hámenningunni,“ þ.e. klassísk tónlist er spiluð mörgum sinnum á dag til dæmis en þættir með léttara tónlistarefni eru frekar fágætir. Mikið er um fróðleikspætti og upplestur af ýmsu tagi og greinilegt að útvarpið styður þjóðlega menningarstefnu ráðandi aflu. Því miður var þetta nokkuð einsleit stefna og þröngsýn og varla framkvæmanleg í landi sem vildi halda samskiptum við aðrar þjóðir. Í rituðu máli eru algeng orð eins og „hinn íslenski manndómur,“ „íslensk þjóðmenning,“ „andóf gegn ásókn erlendra skrílmennsku,“ sem gefur til kynna hve menn voru uppteknir af einhverjum þjóðareinkennum og þjóðmenningu sem enginn vissi eiginlega lengur hver væri og áttu ekki við hið nýja þjóðfélag. Ef til vill réttast að tala hreinlega um þjóðarrembing. Ýmsar „klisjur“ eða mýtur um Íslendinga og íslenskt þjóðlíf voru sem innbrenndar staðreyndir sem ekki mátti hrófla við.

Landhelgisdeilurnar sem Íslendingar stóðu í við Breta hafa vafalaust haft áhrif á þjóðerniskenndina og þjappað mönnum saman á þessu tímabili, en þær stóðu með hléum frá 1958-72. Einhver undarleg helgislepja vegna þjóðararfsins; handritanna sem Danir skiluðu árið 1971; lá yfir mönnum og mótaði þjóðernisvitundina. Mikið var fjallað um þau málefni í fjölmiðlum og öðrum vettvangi og má í því sambandi nefna ljóð hins meinyrta skopskálds, Jónasar E. Svafár um handritin en það hljóðar svo:

kóngsvaldið varð arfgengt illgresi
og handritin fóru til hafnar
en bergmál rétttrúaðra hljómaði

vor guð er borg

þeir sem byggðu borgina við sunðið
fengu gullaldarauðæfi íslands
fyrir brennivín og maðkað mál

ó guð vors lands

er herskip komið til reykjavíkur
með bókmenntaafrek íslendinga

úr rústum kaupmannahafnar⁹⁰

Í grein Einars Braga í Birtingi árið 1966 fjallar hann um ýmislegt viðkomandi mannlífínu og ræðir meðal annars um nýútkomnar bækur. Í greininni má sjá ýmsar klisjur um íslenskt eðli og segir meðal annars:

Hver skyldi vera manngildishugsjón Íslendinga á hernáms- og viðreisnaröld? Spyr sá sem ekki veit, því að einhvern veginn sýnist mér sem við séum að verða uggvænlega glámskyggn á öll varanleg gildi. [Kannast nokkur við þetta sjónarmið í nútímanum?] Höfuðeinkenni óperettuþjóðfélagsins íslenzka er holningsleysi, sem minnt getur á pattaralegan heildsala án andlegra þarfa, nýbúinn að krækja sér í arðvænlegt umboð. Slíkur maður hefur takmarkaðan áhuga á fólki, sem vinnur meðan ljóst er, á sér gleðiuppsprettu og þroskalind á heimili sínu eða í skauti náttúrunnar, lætur í störfum sínum stjórnast af löngun til að veita öðrum.⁹¹

Ekki lætur hann hér við sitja en síðar í greininni fjallar hann um ádeilubókmenntir og segir:

Margir hallast nú að því að Íslendingasögur spegli viðburði úr samtíð höfundanna og sumar þeirra í augljósu ádeiluskygni...lesendur sagnanna hafa allt fram á þennan dag mælt reisin samtíðar sinnar við dáðir feðranna og drengskap. [undirstrikun höfundar]...Lítum til dæmis í bækur Eyjólfis á Hvoli eða Þorsteins í Laufási. Þar kynnumst við lífi sem var ógurlega erfitt, hart, fátækt en ærlegt, heilbrigt og auðugt á sína vísu – mannlífi sem gefur ungviði hollar minningar að ylja sér við með stolti á elliárum....Opnum svo bókina *Í heiðinni* [leturbreyting höfundar] eftir Björn Bjarman. Hún geymir...lipurlega ritaða veruleikalýsingu... Íslendingana á Vellinum skortir ekki fé, þeir þurfa ekki að slíta sér út um aldur fram, en líf þeirra er ærulaust, sjúkt og algjörlega tomt... Með þessar andstæður í huga finnst mér ekkert undrunarefni, þótt höfundar sem þeyta lúður dómsins yfir hausamótum peningaprælanna hylli jafnframt hið harða, ærlega og einfalda líf íslenzka sjómannsins, bóndans, menntamannsins, eins og því hefur verið og er enn lifað í íslenskum byggðum. Að húðstrýkja ómennskuna, heiðra manngildið – það skiptir mestu.⁹²

⁹⁰ Jónas E. Svafár 1968:59

⁹¹ Einar Bragi 1966:88

⁹² Einar Bragi 1966:90

Einar nefnir hvergi þá leiðu fylgikvilla menningarleysisins og fátæktarinnar, sem var oft á tíðum drykkjuskapur og alls kyns félagsleg vandamál. Hér er um að ræða upphafningu á hinum íslenska þrældómi og fátækt sem hefur einkennt héraent mannlíf nánast alla tíð. Ekkert er talað um vandamálin sem fylgdu þessu harðneskjulega lífi. En marga sveið sárt undan því að þeir sem unnu fyrir Kanann á Vellinum hefðu það gott og þóttu þeir hálfgerðir landráðamenn og svikarar. Þar með voru peningarnir og lífsgæðin sem allir börðust þó fyrir, af hinu vonða. Það virðist sem sé vera að heimur fátæktar og endalaus erfiðis sé meira aðlaðandi en heimur allsnægta og betri lífskjara, komi peningarnir frá Bandaríkjaher á Vellinum. Í svokölluðum Skagaskáldsögum Steinars Sigurjónssonar, t.d. *Ástarsögu*, (1958) ræðst hann „...gegn goðsögnum um sjómennsku, ástir og fjölskyldulíf, sögufólk lifir á líðandi stund, á sér enga framtíð, enda er blandað í kolsvartan dauðann...“ Hann bregður upp afar nóturlegri mynd af lífi sjómanna (og annarra) í sjávarplássi, eiginlega þvert ofan í viðtekna klisjukennda mynd sem birtist í sjómannalögum Hauks Morthens svo dæmi séu nefnd.⁹³ Í fundargerð SÚM frá 1971 er Steinar gerður að félagsmanni eftir að um hann...

...spunnust talsverðar umræður í hálfgerðum slysavarnarfélagsstíl, þar sem SÚM gegndi hlutverki björgunarhringsins. Voru fundarmenn allir samþykki að veita honum einhvers konar aðild að SÚM og var aukaaðild hans samþykkt. En seinna var hann samþykktur fullgildur félagsmaður þrisvar sinnum, en tvisvar tekinn út og fluttur á aðildarskrá og aukaaðildarskrá, en með krossatkvæðagreiðslu komst hann inn.⁹⁴

Gerningur SÚM-arans Þórðar Ben Sveinssonar sem sýndur var í Vestmannaeyjum árið 1969, einni stærstu verstöð Íslands, fjallar einnig um lífið í sjávarþorpinu þar sem allt snýst um þorskin og lýsir Þórður gerningnum svo:

Þegar sýningin byrjaði var ég staddur í eins konar hnefaleikahring í miðjum salnum, innan um ýmislegt dót; þar voru nokkrir þorskar og loðnur, nokkur algeng heimilistæki, íslenski fáninn o.fl. Óskalög sjómanna eins og „Þórður sjóari“, „Það gefur á bátinn við Grænland“ og „Ég er kominn heim í heiðardalinn“ ofl. voru leikin af segulbandi undir sýningunni. Þegar áhorfendur voru komnir á sviðið fór ég upp á meðal þeirra og bauð upp á mjólkurglas. Á meðan kemur Karólína þrúðbúin inn í salinn og sest inn í hringinn og fer að sauma tölur á einn þorskin. Síðan fer ég inn í hringinn og hef þar uppi ýmsar

⁹³ *Íslensk bókmenntasaga V* 2006:451-463

⁹⁴ Guðbergur Bergsson 1971 (Óútgefið)

athafnir, sem fara fyrst hægt af stað, en smám saman æsist leikurinn, þar sem ég ataðist með heimilishlutina. Meðal annars setti ég smokk á Jesú líkneski og pakkaði inn í dagblað, og svo tók ég regnhlíf, spennti hana upp og tók að æpa undir regnhlífinni. Svo tók ég nokkra sérsaumaða og misstóra kotta, og lagði fiskana á þá, breiddi sæng yfir, og kveikti á kerti. – Ég held að þessu hafi lyktað með því að hlutunum í hringnum var pakkað inn í íslenska fánann.⁹⁵

Viðbrögðin við gerningnum urðu slík að Þórður og Karólína kona hans sáu sér þann kost vænstan að flýja Eyjarnar og koma sér upp á fasta landið.

Ævisögur hafa jafnan verið vinsælar hérlendis, sbr. ofanritaða tilvísun í Einar Braga. Kristján Guðmundsson tekur m.a. þessa ævisögudýrkun bókafjóðarinnar og þjóðernislega upphafningu íslensks alþýðulífs fyrir í verki sínu *Landslag* sem sýnt var í Gallerie SÚM árið 1969. Verkið lýsir tilvistarlegum tótleika sem á sér rætur í tíðarandanum. Yfirborðskennd menningin hylur gráan hversdagsleika daglegs lífs, en á milli listar/menningar og lífs myndast tómarúm. Verkið er innsetning og er þegar orðið að goðsögn í sögu íslenskrar samtímalistar.⁹⁶ Innpakkaðar ævisögur, fatahrúga og strauborð, pokar hálffullir af sandi og tómar glerflöskur, innrömmuð bréfpokarifrildi og fleira smálegt bar fyrir augu sýningargestanna 47 á þessari nýstárlegu sýningu.

Ævisögur Jóns, Gunnar og Magnúsar eru ólesnar bækur, sem í svörtu einangrunarbandi sínu vitna um þá óumræðanlegu einsemd sem býr á bak við hina ríku hefð sjálfsréttlætningarinnar sem finna má í íslenskum ævisöguskrifum. Þær kallast á við fatahrúguna á gólfinu sem stendur þarna eins og vitnisburður um amstur hversdagsins, en innrammaðir rifnir bréfpokar á veggnum varpa ljósi á tótleika listhefðarinnar...⁹⁷

Straubrettið með grátónuðum filtdúkum og „depurðarkryddi“ úr hæsnaskít og bláleitu neonljósi lýsa hryssingslegum veruleika hversdagslífsins.⁹⁸ Nafn verksins er hæðnisleg vísun í landslagshefðina í íslensku málverki og þá þjóðernisupphafningu sem hún túlkar.

Rithöfundar og ljóðskáld sem komu fram á sjónarsviðið á 6. og 7. áratugnum fjölluðu heilmikið um borgarlífið og þær breytingar sem voru að verða á samfélaginu. Greinilegt er að

⁹⁵ SÚM 1965-1972 1989:Bláðsíðutal vantar

⁹⁶ Ólafur Gíslason 2001:Bláðsíðutal vantar

⁹⁷ Ólafur Gíslason 2001:Bláðsíðutal vantar.

⁹⁸ Ólafur Gíslason 2001:Bláðsíðutal vantar.

heilmikil undiralda gárar ládautt yfirborð menningarlífsins. Ungt fólk var að reyna að fóta sig í borgarsamfélaginu, en uppruninn úr sveitameningunni var því nánast fjötur um fót. Vaxtarverkirnir sem fylgdu örri stækkun borgarinnar voru m.a. glæpir og ýmiss konar félagsleg vandamál. Dæmi um skáld sem fjalla um neikvæðar hliðar borgarlífsins er Elías Mar, en hið mikla ritverk hans, *Sóleyjarsaga*, sem kom út í tveimur bindum, fjallar um ömurleika lífsins í braggahverfum borgarinnar. Aðrar bækur Elíasar fjalla um svipuð efni, eða glæpi og skuggahliðar borgarlífsins.

Samfélagið var mjög afturhaldssamt þrátt fyrir öra stækkun borgarinnar. Samt var borgin of lítil til að auðvelt væri að hverfa í fjöldann og þeir sem skáru sig úr, til dæmis með „bóhemlifnaði“, vöktu umtal og hneykslun. Það myndaðist gjá milli sjónarmiða eldri og yngri kynslóðarinnar vegna ólíkrar reynslu. Ásta Sigurðardóttir kvaddi sér hljóðs árið 1951 með smásögunni *Sunnudagsmorgunn til mánudagskvölds*. Sagan var opinská lýsing á viðburði í lífi ungrar konu og þótti mörgum hneykslanleg vegna bersöglis og hreinskilni sem menn áttu ekki að venjast í íslenskum skáldsögum, ekki síst með tilliti til þess að höfundurinn var kona. Ásta var alin upp í sveit en fluttist ung til Reykjavíkur. Hún fjallaði um hluti sem höfðu legið í þagnargildi og mátti ekki ræða um, svo sem fóstureyðingar, ótímabæra þungun, nauðganir og fleira af sjaldgæfu hispursleysi. Sögurnar hennar voru m.a. gefnar út í smásagnaafninu *Sunnudagsmorgunn til mánudagskvölds* árið 1960 og voru óvenjulegar og tilfinningaríkar. Þær fjölluðu oft um krísu sögupersónunnar sem reyndi að fóta sig í borgarsamfélaginu og var eiginlega ...

... á mótum tveggja heima. Annars vegar þeim sem hafði mótað [sögupersónuna] og hún vildi brjótast út úr en hins vegar í heimi sem hún vildi tilheyra en fékk ekki og var vart til á Íslandi. Milli þessara heima var gjá sem erfitt var að brúa.⁹⁹

Gamli tíminn þráaðist við og vildi ekki leyfa nýjum viðhorfum og breytingum samfara þeim að komast að og almenningsálitið var dómhart og óvægið í garð þeirra sem ekki hegðuðu sér samkvæmt viðtekinni venju. „Fáir virtust mega greina sig frá fjöldanum, skynja tilveruna á annan hátt en hann.“¹⁰⁰ (Og alveg örugglega ekki konur). Í sögum Ástu birtist nýtt stef í kvennabókmenntum þar sem karlrembunni var sent langt nef og yfirborðskennt líf smáborgarans gagnrýnt. Í þeim fólst ákall eftir frelsi konunnar og allra

⁹⁹ Eggert Þór Bernharðsson 1992

¹⁰⁰ Eggert Þór Bernharðsson 1992

kúgaðra, að fá að lifa því lífi sem löngunin býður án fordóma og kreddufullra viðhorfa almennings. Hún opnaði með skrifum sínum umræðu um kynfrelsi og kynlíf sem hafði verið algert tabú hér á landi.

Baldur Óskarsson gekk skrefinu lengra með bók sinni *Hitabylgja* (1960), en í bókinni eru fremur blautlegar smásögur. Bókin er myndskreytt af Jóni Engilberts og þóttu myndir hans ekki síður særandi fyrir blygðunarkennd fólks, þó margir hafi vafalaust haft gaman af í leyni. Grafíklistamaðurinn Elías B. Halldórsson hélt sýningu árið 1963 í Bogasal Þjóðminjasafnsins og sýndi þar myndir af svipuðum toga. Alfreð Flóki sem haslaði sér völl á myndlistarsviðinu í byrjun 7. áratugarins, gerði m.a. kynferðislegar myndir í súrrealískum stíl, af vændiskonum og hispursmeyjum. Hann hélt jafnan sýningar í Bogasal Þjóðminjasafnsins, vakti töluverða athygli og seldi yfirleitt mikið af myndum. „Flóki var hinn fullkomni bóhem. Hann var frumherji í því. Og svo var hann líka aðalstjarna og kóngur surrealista.“¹⁰¹

Listafólkið sem hefur verið nefnt til sögunnar hér á undan opnaði meðal annars fyrir umræðu um kynferðismál og kynlíf. Vert er að geta þess að heilmiklar umræður sköpuðust héraendis 1970-71 vegna hugmynda um kynfræðslu í skólum. Meðal annars var mikið deilt um kvikmyndina *Táknmál ástarinnar* í lesendadálkum dagblaðanna, en hún var sýnd í Hafnarbíói í þeim yfirlýsta tilgangi að fræða menn um kynlíf. Ekki voru allir á eitt sáttir um nauðsyn fræðslu af þessu tagi og reyndu að sjá fyrir sér hvernig sú fræðsla ætti að fara fram.¹⁰² Árni Vilhjálmsón læknir bendir á nauðsyn kynfræðslu vegna vaxandi lauslætis og aukningu kynsjúkdóma í grein í Morgunblaðinu 1971 og segir meðal annars:

Nú er með mestu menningarþjóðum runnin upp ný siðferðisísöld. Klámrit eru að verða uppáhaldslesning ungu kynslóðarinnar. Kynmök eru talin svo sjálfsögð, að þau heita bara „að sofa hjá.“ Klámkvikmyndir, þar sem náttúrulausir kynvillingar eru látnir skaka sig utan í og á skækjum og öðrum léttúðardrósnum, gegn ríflægri greiðslu, eru sýndar jafnt fullorðnum sem unglingum og taldar mikilsverð fræðsla og nauðsynleg.¹⁰³

¹⁰¹ Nína Björk Árnadóttir 1992:63

¹⁰² Einar Gíslason 1970:4

¹⁰³ Árni Vilhjálmsón 1971:17

Síðar í greininni er þessi athyglisverða kláusa: „Hið „ljúfa líf,“ lauslætið, er ekki eins eftirsóknarvert og ætla mætti í fljótu bragði... Ein þokkaleg og vel hirt kona ætti að nægja hverjum karlmanni.“¹⁰⁴ Árni minnst hins vegar ekkert á það hvort einn karl nægi konunni eða hvort hann þarf að vera vel hirtur og lýsir það nokkuð tíðarandanum í þessu karlvæna samfélagi. En greinilega er kynlífsbyltingin hafin. Inní umræðu þessara ára um kynlíf og kynfrelsi fléttast barátta kvenna fyrir frjálsum fóstureyðingum, en mörgum þótti sýnt að fóstureyðingar yrðu notaðar sem eins konar getnaðarvörn og myndu ýta undir lauslæti.¹⁰⁵ Lopatyppi Hildar Hákonardóttur voru innlegg í baráttuna fyrir kven- og kynfrelsi en Hildur sýndi fyrst með SÚM árið 1971. Typpin vísa til þess afturhaldssama feðra- og karlaveldis sem íslenskar konur bjuggu við. Ullin er tákn gamla heimullega bændasamfélagsins sem Íslendingar áttu í erfiðleikum með að losa sig frá, en átti ekki við lengur í nútímanum. Leikskáldin og rithöfundarnir Nína Björk Árnadóttir og Svava Jakobsdóttir komu fram með leikrit í lok 7. og byrjun 8. áratugarins og beina sjónum að stöðu konunnar, því óréttlæti sem konur mega þola í karllægu samfélagi. Fyrsta verk Nínu voru tveir einþáttungar, *Á hæli* og *Geimið* og voru sýndir undir samheitinu *Í súpunni* árið 1969. „Sá heimur sem hún birtir í leikritum sínum er harðneskjulegur og ástinni öndverður...[verkin] fjalla öðrum þræði um það að yfirgefa bernskuna og takast á við heim fullorðinna, eða öllu heldur heim karlmennskunnar, því það er hið karllega sem öllu er æðra í samfélaginu, en hið kvenlega er undirokað.“¹⁰⁶ Svava kvaddi sér hljóðs með verkinu *Hvað er í blýhólknun?* árið 1971 og fjallar það um „...uppeldi eða einstaklingsmótun og hlutskipti konunnar í samtímanum.“ Leikritið vakti mikið umtal á sínum tíma enda var þarna í fyrsta sinn fjallað um stöðu kvenna á leiksviði og að auki var sviðsetningin mjög frumleg.¹⁰⁷

Bók Guðbergs Bergssonar um *Tómas Jónsson*, þann gamla skarf í kjallaraífbúðinni sinni, braut blað í sögu bókmenntanna hér á landi þegar hún kom út árið 1966. Hér var um að ræða nýstárlegan stíl sem byggðist ekki upp á rökréttri frásögn, heldur umhverfist ritverkið um Tómas sjálfan og gerist inní hans hugarheimi. En bókin inniheldur líka beitta ádeilu á

¹⁰⁴ Árni Vilhjálmsón 1971:17

¹⁰⁵ Illugi Jökulsson og fleiri 2001:310-311

¹⁰⁶ *Íslensk bókmenntasaga V* 2006:261-262

¹⁰⁷ *Íslensk bókmenntasaga V* 2006:262-263

íslenskt samfélag. Guðbergur deilir á vaxandi neysluhyggju og kapítalisma, og undirlægjuhátt íslenskra stjórnvalda gagnvart erlendum ríkjum sbr. hersetu Bandaríkjanna. Guðbergur segir í inngangi bókarinnar:

Í mörg ár áður en Tómas Jónsson kom út, var orðið mikið um trénaðar netlur á hinu íslenska bókmenntasviði. Og allt sem var mátulega trénað hlaut mikið lof....Með því að skrifa Tómas Jónsson var ekki ætlun mín að elta ólarnar við trénaðar bókmenntarófur sem höfðu eitt sinn í æsku og á bestu árum sínum verið nauðsynlegar netlur,... heldur stefndi hugur minn að því að skapa táknmynd hinna trénuðu afla í þjóðfélagsgarðinum, skapa mann af hinni títt umræddu „aldamótakynslóð.“ Hún hafði áður verið frjótt hreyfiafl, einkum íslensks sjálfstæðis, en var nú orðin, í hinum þjóðfélagslega raunveruleika Íslands, voðalegur dragbítur á öllum framförum. Kynslóðin var jafnvel orðin ógn við sjálfstæðið, sem hún hafði barist fyrir. Hún var að missa landið úr höndunum á sér..¹⁰⁸

Bókin hlaut harða gagnrýni, sérstaklegra eldra fólks. „[Höfundurinn] ögraði því samfélagi sem það hafði byggt upp hörðum höndum og það áttu margir erfitt með að þola.“¹⁰⁹ Bókin er líka ádeila á borgarsamfélagið, þar sem auðvelt er að tynast og hverfa í skuggann og manneskjurnar rísla við merkingarlausa hluti og í kringum sjálfar sig. En ekki varð aftur snúið og með bókinni opnuðust nýjar leiðir í skáldskap. Margir voru þó ánægðir með þann nýja tón sem þarna var kveðinn. Ungt fólk sem áhuga hafði á skáldskap og bókmenntum hreifst mjög af bókinni og gekk hún manna á milli eftir að hún seldist upp.¹¹⁰ Guðbergur segir einnig í formála sínum „...að milli „aldamótakynslóðarinnar“ og kynslóðar [sinnar], listamanna á svipuðum aldri og [hann], var heil kynslóð rithöfunda sem týndist milli veggja íslenskrar menningar, vegna þess að hinar trénuðu bókmenntanetlur voru allsráðandi miklu lengur en í þeim var nokkur safi eða hollusta.“¹¹¹ Talað hefur verið um að tímabilið frá 1945-1965 sé eitt það daprasta í íslenskri sagnagerð á 20. öld.¹¹² Guðbergur var í SÚM-hópnum og

¹⁰⁸ Guðbergur Bergsson 1987:4-5.

¹⁰⁹ Eggert Þór Bernharðsson 1992

¹¹⁰ Eggert Þór Bernharðsson 1992

¹¹¹ Guðbergur Bergsson 1987:6

¹¹² Illugi Jökulsson og fleiri 2001:180

tók þátt í sýningum, auk þess sem hann skrifaði nokkrar fundargerðir félagsins af stakri snilld.

Aðrir listamenn sem deildu á lífsgæðakapphlaupið og neyslumeninguna voru t.d. Erró og Sigurjón Jóhannsson SÚM-ari. Sigurjón tók m.a. fyrir húsgagnamenningu landans með klippimyndum sínum af innanstokksmunum, og Erró deildi á neysluna, vél- og hervæðingu í popmyndum sínum.

Beinskeyttar ádeilubókmenntir komu út á 7. áratugnum. Má þar nefna bækur eins og *Borgarlíf* eftir Ingimar Erlend Sigurðsson og *Svört messa* eftir Jóhannes Helga. Þær komu báðar út árið 1965. Í þeim báðum er dregin upp fremur dökk mynd af íslenskum þjóðmálum. *Borgarlíf* snýst um lífð í Reykjavík og gerist á dagblaði þar sem söguhetjan er blaðamaður. Engum blandast hugur um að hér er um að ræða Morgunblaðið, enda var höfundurinn um tíma blaðamaður þar áður en hann skrifaði bókina. Skv. sögunni er blaðið ofurselt valdi „flokksins“ og ekki má fjalla um ákveðin mál til að styggja ekki bandarísk stjórnvöld svona sem dæmi. Alls kyns yfirhýlmingar og vandræðamál koma upp, m.a. tengd fóstureyðingum og fleiru og lítur út fyrir að höfundur þyki blaðið og stjórnvöld standa í einu alls herjar samsæri. Hann reynir að snerta á mörgum vandamálum samfélagsins sem greinilega hafa legið honum á hjarta. Jóhannes Helgi bregður upp heildrænni mynd af þjóðinni í *Svartri messu* með því að búa til samfélag á eyju nokkurri að nafni Lyngey. Í báðum þessum bókum er hersetan fordæmd og íslensk stjórnvöld/valdastétt gerð að hálfgerðum glæpaflokki eða mafu þar sem hagsmunatengsl af ýmsu tagi stjórnðu bak við tjöldin. Margir voru ánægðir að fá svo harðar ádeilubókmenntir sem tækju á vandamálum samtímans, og fögnuðu framtakinu þó skáldskapurinn sem slíkur væri kannski ekki merkilegur. Þannig segir Jón Óskar í gagnrýni sinni að „Svört messa [sé] löng saga, en ekki langt listaverk.“¹¹³ Öðrum þótti ádeilan farsakennd og fáránleg og engan veginn réttmæt. Jóhannes Helgi sendi frá sér aðra skáldsögu að nafni *Hringekjan* árið 1969, en hún fjallar sömuleiðis um siðleysi peninga- og valdastéttarinnar með Reykjavík sem söguvið.

Laugavegur 11 var samkomustaður listaspíranna í borginni á þessum tíma.¹¹⁴ Dagur Sigurðarson skáld var m.a. vinur Flóka og einn úr þessum hópi á Laugavegi 11. Hann réðist eiginlega með látum fram á sjónarsviðið árið 1958, en þá kom út ljóðabókin *Hlutabréf í*

¹¹³ Jón Óskar 1966a:15

¹¹⁴ Friðrikka Benónýsdóttir 1992:71-72

sólarlaginu. Dagur orti anarkísk ádeiluljóð á borgarmeninguna og siðmenninguna meðal annars og málaði sérstæðar expressjónískar myndir. Hann deildi á vopnakaþhlaupið og yfirvofandi kjarnorkuvá og myndir hans fjalla margar hverjar líka um þetta málefni. Sívaxandi kapítalism og neysluhyggja varð honum sömuleiðis að yrkisefni. Hann sýndi m.a. málverk sín í Gallerí SÚM.¹¹⁵ En Dagur féll ekki alls kostar að þeim hópi, fannst SÚM-ararnir ekki nógu róttækir eða kannski of hallir undir kapítalismann sem hann fyrirleit svo mjög.¹¹⁶ Kveðskapur Dags er í ætt við beat-listina og þýddi hann töluvert af ljóðum beat-skáldanna. SÚM-arinn Róska hafði svipaðar hugmyndir og Dagur, hún var afar róttæk og deildi hart á vopnakaþhlaup, stríðsrekstur og hervæðingu. Hún sýndi gjarnan ljósmyndir af vopnuðum lögregluþjónum, hermönnum eða byltingarmönnum og skrifaði eigin athugasemdir inná, einnig gerði hún skúlptúra s.s. *Götuvígi*, *Ferðataska byltingarsinnans*, *Molotof kokkteill* og fleira. Einnig eru mörg hnífaverk Jóns Gunnars Árnasonar SÚM-ara ádeila á stríðsbrölt, vopnaskak og heimsvaldastefnu, en um þessa tegund verka segir Jón:

Þegar ég blanda saman hníf og vél, eða tækni og vél, þá er ég að benda á þessa stríðs- og hernaðartækni, sem er ógn við manninn. Ég hef gert myndir þar sem skoðandinn þurfti að ganga undir ákveðinn punkt í sýningarsalnum, til þess að komast í gegnum ákveðið ferli. Og þar fyrir ofan héngu hnifar, sem voru náttúrulega festir, en voru kannski losaralegir að sjá, en það vissu ekki þeir sem gengu undir þá. Við vitum til dæmis ekki hvað atómsprengjurnar í flugvélunum eru losaralega festar, sem fljúga um allan heiminn.¹¹⁷

Mikil gróska á sér stað í þjóðlífinu á árunum 1950-1975 sem brýst út í bókmenntum og listum. Menn eru að fást við nýjan veruleika sem má segja að hafi skyndilega blasað við, eftir aldalanga stöðnun. Vöxtur borgarinnar og þróun borgarmenningar er afdrifaríkur þáttur. Ýmis málefni sem höfðu verið vandlega falin djúpt í þjóðarsálinni voru dregin fram í dagsljósið, mörgum til mikillar mæðu. Helgimyndir voru brotnar.

Stjórnámálamenn voru flestir hverjir af þessari frægu aldamótakynslóð, að minnsta kosti fyrri hluta þessa tímabils sem hér um ræðir, og þess ber að gæta að ljósvakamiðlarnir;

¹¹⁵ *Dagur* 2003:Bláðsíðutal vantar

¹¹⁶ *Dagur Sigurðarson* 1969:5

¹¹⁷ *Benedikt Gestsson* 1993:Bláðsíðutal vantar

sjónvarpið (þegar það kom til sögunnar) og útvarpið, voru ríkisreknir. Dagblöðin voru málgögn stjórnmalaflokka og voru vissulega hæg heimatökin að hafa áhrif á gengi listamanna með umfjöllun eða útilokun. Listasafnið var undir stjórn ríkisins og ríkið veitti listamönnum styrki og starfslaun og jafnan voru þessar veitingar umdeildar. Það er því ljóst að ráðandi öfl áttu auðvelt með að hafa áhrif á menningarstarfsemina í landinu með ýmsum hætti, en hér verður ekki lagður dómur á það hvort svo hafi verið í raun. En almenningur, grasrótin, lætur ekki að sér hæða og margir „utangarðs“ listamenn nutu vinsælda hans, sérstaklega unga fólksins. Það var sú undiralda sem gáráði annars ládautt yfirborð menningarlífsins.

3. SÚM

3.1. Á bak við tjöldin

Því verður ekki neitað að hið afturhaldssama samfélag hafði sitt að segja um starfsemi SÚM sem alla tíð þurfti að heyja baráttu við neikvæð öfl. Í viðtali við Hildi Hákonardóttur segir hún að hér hafi íhaldssöm öfl reynt að halda í hefðir og notað til þess alls kyns rök og meðul. Andstaða FÍM gegn SÚM byggðist aðallega á því að „...þeir voru að reka fé úr sínu túni.“ Vildi ungt fólk brydda uppá einhverju nýju átti það ekki í mörg hús að venda. Ekki síst varð hún vör við þennan afturhalds hugsunarhátt í starfi sínu í Myndlista- og handíðaskólanum, en þar kenndu margir þekktir menn í íslensku listalífi. Ástæða þess að hún gekk í SÚM var sú að þar var fordómaleysi; sem veflistakona með róttækar hugmyndir átti hún ekki beinlínis heima í FÍM.¹¹⁸

Ef til vill var einmitt þetta fordómaleysi og það að hafa aldrei búið til stefnuskrá helsti dragbíturinn á starfsemi SÚM. Hópurinn var fremur laustengdur og eina stefnan var eiginlega sú að fylgja ekki hefðinni. Andúð á afturhaldssamri listastefnu og kapítalisma og vilji til að gagnrýna var í rauninni það eina sem batt þetta fólk saman. Eða eins og Guðbergur Bergsson kemst að orði í sýningarskránni H₂O, 1974:

Að þessu sinni söfnuðust listamennirnir ekki í skóla, eins og oft vill verða, heldur fór hver og einn fremur að gæta að sjálfum sér úti á berangri en að leita skjóls innan veggja skóla eða stefnu. Einstaklingurinn varð aftur til í íslenskum listum, en ekki kjörbörn ákveðinna stjórnmalaflokka, eða nokkurra útvalinna manna innan þeirra, eins og áður hafði tíðkast um nokkurra áratuga skeið. Hinir óánægðu einstaklingar sameinuðust síðan flestir í eitt félag, sem hlaut nafnið SÚM. Óánægjuna áttu þeir sameiginlega og andúð hins réttskipaða þjóðfélags, en fátt fleira. SÚM-listin átti af þeim sökum, illu heilli erfiða fæðingu. Andstaðan gegn henni var ekki aðeins andstaða gegn öllu nýju og óþægilegu, heldur einnig vegna þess að engin stefnuskrá hafði verið birt.¹¹⁹

Það er þó næsta víst að án þess að mynda einhvers konar samtök eða bindast saman með einhverjum hætti hefði nútímalist átt enn erfiðara uppdráttar héraendis. Erfitt hefði verið fyrir einstakling einan og sér að ráðast í sýningar á nútímalist miðað við þá fordóma og andúð

¹¹⁸ Hildur Hákonardóttir 2007

¹¹⁹ Guðbergur Bergsson 1974: Blaðsíðutal vantar

sem SÚM-hópurinn uppskar. Sannast það ef til vill best á Erró sem fékk lítinn hljómgrunn hér á landi í upphafi ferils síns.

Í ljósi þessa vekur athygli við lestur fundargerða SÚM að stöðugt var verið að bjóða nýtt fólk inní hópinn og reka aðra úr honum. Og menn virðast alls ekki hafa gengið að því vísu að fá inngöngu; það þurfti að fara fyrir fund og ekki fengu allir sem vildu. Á hvaða forsendum innganga var ákveðin er hins vegar ekki alveg ljóst en trúlega hefur það byggst á mati SÚM-ara á því hvort skoðanir viðkomandi samrýmdust markmiðum eða hugsjónum hópsins. Sigurjón Jóhannsson segir sig til að mynda úr félaginu 1971 og segir orðrétt: „Vegna ólíkra viðhorfa, kapitalistiskra viðhorfa, vegna eigin viðhorfa og einstaklingshyggju félaga minna, segi ég mig úr SÚM frá og með 20/3 og reikna ekki með að skuld mín við félagið verði meiri.“¹²⁰ Hægt er að túlka þessi orð þannig að Sigurjón hafi verið orðinn nokkuð skuldsettur gagnvart félaginu og brugðið á það ráð að hætta þátttöku til að losa sig undan því oki.

Sigurjón er tekinn inn aftur 1973. Atli Heimir Sveinsson fær inngöngu árið 1971 „...með þann hala, að honum bæri að skrifa og skylda hann að starfa að einhverju innan SÚM; en þess var ekki getið hver ætti að hengja bjölluna á köttinn.“¹²¹ En Atla var aftur vísað úr félaginu 1973 „með yfirgnæfandi meirihluta.“¹²² Á fundinum 1971 eru þrír reknir úr félaginu en það eru Haukur [Dór], Jónína [Guðnadóttir] og Messíana [Tómasdóttir].¹²³ Að öllum líkindum hefur þetta fólk sem rekið var, ekki skilað neinu starfi eða félagsgjöldum til félagsins. En einmitt á þessum árum reyndi verulega á samtakamáttinn þar sem ráðist hafði verið í rekstur gallerísins við Vatnsstíg árið 1969 og margir félagsmanna voru búsettir erlendis og því ekki liðtækir í þeirri starfsemi.

Umsjá og rekstur gallerísins var töluvert fyrirtæki og lenti sú vinna mikið á sama fólkinu. Fjárhagserfiðleikar settu svip sinn á félagsstarfið og reksturinn (en þar sem andkapítalísk sjónarmið ríktu var varla von að mikið kæmi inn í kassann fyrir utan það að hafa nánast allt þjóðfélagið á móti sér). Félagar eru gagnrýndir „...fyrir ófélagslegan anda, og

¹²⁰ Guðbergur Bergsson 1971 (Óútgefið)

¹²¹ Guðbergur Bergsson 1971 (Óútgefið)

¹²² Guðbergur Bergsson 1973 (Óútgefið)

¹²³ Guðbergur Bergsson 1971 (Óútgefið)

að félagsmenn hafi ekki í sameiningu unnið að uppsetningu erlendra sýninga, þannig að of mikið álag hvíldi á nokkrum, alltaf sömu félögunum.¹²⁴ Menn greiddu félagsgjöld, prósentur af sölu og leigu fyrir sýningahald, eða réttara sagt áttu að greiða. Skuldir félagsmanna jukust hins vegar jafnt og þétt og þóttu sumir heldur „...djarftækir í sjóði þess, [gæfist] þeim kostur á því.“¹²⁵

Á 8. áratugnum fer að tínast verulega úr hópnum. Margir fóru utan til náms og áhöld voru um hvort þeir sem eftir væru gætu staðið undir því að halda félaginu gangandi. Í ódagsettu og óundirrituðu bréfi í gögnum félagsins á bókasafni L. Í. segir:

Ég hef verið að velta því fyrir mér hver framtíð SÚM verður næsta ár eða næstu og ekki að ófyrirsínu. - Þú veist að fólk er að fara héðan í hópum Einar er að fara Siggi, þú ég og Beta allir þessir verða farnir fyrir næsta haust. Eftir eru Maggi Tóm, Villi, Atli, Óli? Haukur Ég er hræddur að þarna séu fáir axsjónmenn nema Maggi og Óli og Haukur Villi er ónýtur maður to slow. Atli er óviss og hvað getur Haukur gert hans ídeur eru 50% góðar og 50% slæmar og það er bara hægt að treysta honum 50%. Óli er góður en eins líklegt að hann fari eins og við. Þá er Maggi einn með Hauk sem vafasaman ráðgjafa og Arnar handleggsbrotinn. - Þettað er kannski vantraust á vinum okkar en dæmin sýna að allur gangur Gallerísins hefur lent á þér Sigga Magga Einari og mér. Ég sé von í Sigurjóni en við verðum þá að fá hann heim núna sem fyrst.¹²⁶

Eiginlega má segja að eftir 1972 hafi félagið verið fremur máttlaust af þessum sökum og hætti endanlega árið 1975. Sem dæmi hefst fundargerð dags. 12. febrúar 1974 á þessum orðum: „Vegna doða, sem farið var að gæta í félagsstarfseminni, ákvað undirritaður að boða meðlimina til fundar í galleríinu...“¹²⁷

Guðbergur Bergsson skiptir tímabili félagsins í þrjú skeið; „...hið glaða, leikandi og ábyrgðarlausu upphaf í fyrstu, annað var þegar félagið og hugmyndir þess festust í sessi einkum vegna landvinninga erlendis, og svo lokaskeið hnignunar, sundurþykkju og tilrauna

¹²⁴ Guðbergur Bergsson 1973 (Óútgefið)

¹²⁵ Guðbergur Bergsson 1971 (Óútgefið)

¹²⁶ Ódagsett og óundirritað bréf úr gögnum SÚM á bókasafni Listasafns Íslands. Gæti líklega verið skrifað 1970-71 og mér þykir líklegt að Jón Gunnar Árnason hafi ritað það.

¹²⁷ E. G. 1974 (Óútgefið)

listamannanna til að koma einhvern veginn til móts við þjóð sína, sem hafði algerlega hafnað þeim og list þeirra.¹²⁸

Hildur Hákonardóttir var að því er virðist einna atkvæðamest þeirra kvenna sem tóku þátt í SÚM, var m.a. í forsvari fyrir félagið um hríð. Konurnar voru annars ekki margar og yfirleitt þátttakendur í stuttan tíma. Sem dæmi fyrrnefndar Messíana (Tómasdóttir) og Jónína (Guðnadóttir) sem voru reknar 1971 og Þorbjörg Höskuldsdóttir sem bætist í hópinn 1973. Viðloðandi var einnig Elísabet Gunnarsdóttir, en hún mun einkum hafa séð um utanumhald og pappírsvinnu og fleira í þeim dúr. Af þessum sökum hefur verið talað um að SÚM hafi verið hálfgerð strákaklíka, erfitt hafi verið fyrir stelpur að hasla sér völl innan hópsins. Guðbergur segir að félagarnir hafi reynt að laða konur í félagið en það hafi mætt „...harðri andstöðu „frumkjarnans“ sem hafði svipaða stefnu og tíðkaðist þá í háskólum hvítra manna í Bandaríkjunum varðandi negra, að leyfa aðeins einum að innritast.“¹²⁹ Af þeim sökum var að Guðbergs sögn aðeins ein kona í félaginu lengi vel, og líklega er hér átt við Elísabetu Gunnarsdóttur. Þó er vitað að Hlín Svavarsdóttir, eiginkona Hreins Friðfinnssonar, var viðloðandi félagið alla tíð, og Birna Þórðardóttir ástkona Jóns Gunnars um tíma, var eitthvað viðriðin félagsskapinn að minnsta kosti um tíma.

Í fyrrnefndu viðtali mínu við Hildi spurði ég hana hvort þetta hafi verið strákamenning eða strákaklíka:

Það var það vissulega að hluta til, en þó. Það komu þarna erfið element inni þetta því að – það komu þarna bræðurnir Vilhjálmur Bergsson og Guðbergur bróðir hans kom með honum og Guðbergur er náttúrulega rithöfundur, hann er ekki myndlistarmaður, eða var ekki. En hann hafði áhuga á þessu... Kannski var það nú Guðbergur; Guðbergur var á sinn undarlega máta – þá var hann kvenfjandsamlegur svolítið eins og maður myndi segja í dag. En það var mikil tilfinningaviðkvæmni og þeir voru flóknir i skapgerð þeir bræðurnir... SÚM snerist um fordómaleysi. Þess vegna hefði verið fáránlegt að vera með kynbundna fordóma. En eins og ég segi, það kom ekki innúr grunnrúppunni, það kom utanfrá.¹³⁰

¹²⁸ Guðbergur Bergsson 1989:109

¹²⁹ Guðbergur Bergsson. 1989:110

¹³⁰ Hildur Hákonardóttir 2007

Eitthvað virðist þeim Hildi og Guðbergi hafa komið illa saman því Guðbergur gerir Hildi nánast ábyrga fyrir því að félagið lagði upp laupana:

SÚM söng sitt síðasta með hálfjölsku lagi í nokkur ár eftir að Vilhjálmur hafði leitt Hildi Hákonardóttur inn í félagið og hún var gerð að formanni. Með henni hófst uppreisn í töluðu orði en eilíft „kompromí“ var í framkvæmd og sögulegar málamiðlanir.... Með pólitík Hildar, og líklega vegna kynna hennar við menntakomma, var hinni sögulegu málamiðlun fljótlega hrint í framkvæmd í félaginu og gripið til þeirrar undanlátssemi sem merkti í raun og veru uppgjöf eftir að listræn staða þess varð óljós og sannfæringin breyttist í glundroða.¹³¹

Hildur lagði meðal annars fram tillögu um að leggja félagið niður en halda rekstri gallerísins áfram á aðalfundi félagsins 1973, en „...fékk það gruggugan hljómgrunn og voru menn hvort tveggja með og á móti, og allt þar á milli.“¹³² Líklegt er að bakvið þessa hugmynd Hildar hafi legið sú staðreynd að félagsstarfið var meira og minna í molum vegna þess að margir voru erlendis eins og áður hefur komið fram. Í fyrrgreindu viðtali mínu telur hún ástæðuna fyrir endalokunum fyrst og fremst hafa legið í þessu; það hafi verið afar erfitt að halda félaginu gangandi með stóran hluta félaganna erlendis og þeir sem voru eftir hér á landi voru misjafnlega virkir.¹³³

Í lítilli gormaðri sýningarskrá sem gefin var út í tilefni samsýningar í Gallerí SÚM árið 1975 er boltinn endanlega gefinn –

Sýning sú sem þessi skrá fylgir er ekki hugsuð sem afmælisýning; hún er hugsuð sem tilraun til samstarfs með ungu myndlistarfólki á jafnréttisgrundvelli, og jafnframt könnun á hvort jarðvegur er fyrir áframhaldandi starfsemi í svipuðum dúr og verið hefur. – En eitt er víst: - SÚM ætlar sér ekki það hlutverk að halda í spottana.¹³⁴

¹³¹ Guðbergur Bergsson 1989:112-113

¹³² Guðbergur Bergsson 1973 (Óútgefið)

¹³³ Hildur Hákonardóttir 2007

¹³⁴ Magnús Tómasson og Einar Guðmundsson 1975:Blaðsíðutal vantar

3.3. Listin

Margir listamenn komu að SÚM um lengri og skemmri tíma, tóku þátt í sýningum, gáfu út ritverk og stóðu fyrir ýmiss konar menningarlegum viðburðum. Eftirfarandi umfjöllun er einungis dæmi um þá fjölbreytilegu strauma og stefnur sem einkenndu SÚM.

Jón Gunnar Árnason (1931-1991) var einn upphafsmanna SÚM og sýndi á fyrstu sýningunni í Ásmundarsal. Jón nam mállmsmíði í Iðnskólanum og sótti einnig tíma í myndlist í Myndlistarskóla Reykjavíkur og Myndlista- og handíðaskólanum. Jón fór árið 1965 til London þar sem hann var *post graduate* við Hornsey College of Fine Arts, þ.e. hann bæði kenndi öðrum nemendum og nam af kennurum skólans.¹³⁵ Jón aðhylltist það sem kallast hreyfilist, eða *kinetic art*. Hann smíðaði verk úr málmum sem – mörg hver – var hægt að hreyfa til og breyta eða setja í gang, og vildi með því gera áhorfandann að þátttakanda í verkinu. Listin liggur því hjá áhorfandanum ekkert síður en listamanninum og er það í samræmi við listhugsun Fluxus og hugmyndlistamanna. Jón Gunnar deildi á vélvæðinguna, tæknidýrkunina og vígbúnaðarkapphlaupið. Sýn hans á framtíðina var ekki allt of björt, hann lýsti henni með alls kyns vélum og óhugnanlegum skúlptúrum búnum hnífum og vildi með því minna á hvert vélvæðingin gæti leitt mannkynið; vélin gegn mannum/maðurinn gegn vélinni. Hann sýndi verkið *Egó* árið 1969 á sýningu í Gallerí SÚM.

Egó er líkt og „altaristafla í guðshúsi vélarinnar.“¹³⁶ Í miðju þess er einskonar auga og í auganu er rauður vökvi. Kringum augað ganga fram armar með hnífum á endum. Verkið er vélknúið og sé það sett í gang fer rauði vökvinn af stað í auganu svo það virðist lifandi. Það er ógnvekjandi á að horfa og vekur fremur óþægilegar tilfinningar hjá þeim sem á horfir. Um verkið segir Jón:

Grunnhugsunin í þessu verki var sú að þegar tækniþróunin er komin á hærra stig á jörðu hér, þá yrðu að vera orðnar til vélar sem sjá fyrir öllum okkar þörfum. Stórar vélar sem hugsa og vinna sjálfar án stjórnar og afskiptasemi manna og framleiddu t.d. mat úr einhverjum lífrænum efnum. Og við ættum að þekkja mannskepnuna nógu vel til þess að vera vissir um að alltaf verða einhverjir einstaklingar, sem vilja éta meira en aðrir og væru vísir til að reyna að eyðileggja þessar vélar. Þær verða því að geta haft vit

¹³⁵ Benedikt Gestsson 1993:Bláðsíðutal vantar

¹³⁶ Benedikt Gestsson 1993:Bláðsíðutal vantar

fyrir mönnunum og þess vegna er Ego búinn hnífum til að verja fjöreggið, sem hann felur í sér.¹³⁷

Jón gerði einnig verkið *Hjartað* (1968) sem er sömuleiðis ádeila á vélvæðingu, en einnig um krísu læknisfræðinnar. Hjartað er, líkt og Egó, knúið vélbúnaði og hægt að setja það í gang og hamast það þá með óhljóðum og látum. Jón notaði oft gamla bílaparta og brotajárn sem varð á vegi hans og minnir að því leyti á Arte Povera.

Hreinn Friðfinnsson (1943) tók einnig þátt í fyrstu SÚM sýningunni í Ásmundarsal. Hann sýndi þar verkið *Komið við hjá Jóni Gunnari* (1965), sem er brotin hurð og brotin máluð í frumlitunum. Verkið er vísun í *ready-mades* verk Marcel Duchamp og áleitinn fullyrðing um það hvað er listaverk; minnir á hinn þekktu *Gosbrunn* Duchamps með áletruninni *R. Mutt*. Hreinn er líka að leita á svipuð mið og Arte Povera; nýtir gamlan hlut í verkið sitt. Hann vinnur mörg verk sín í þeim anda, notar daglega hluti og ýmiss konar dót í þau, en list hans getur annars tilheyrt ýmsum flokkum listar. Sum verkin hans tilheyra landlist, önnur eiga meira skylt við minimalisma og Arte Povera og almennt séð er Hreinn talinn vera hugmyndlistarmaður.

Hurðina fékk Hreinn hjá Jóni Gunnari sem var að gera endurbætur á heimili sínu og ætlaði að henda þessari hurð. Hreini þótti hurðin falleg og vildi endilega fá að eiga hana og fór með hana heim þar sem hún lá vikum saman án þess að Hreinn fyndi út hvað ætti að gera við hana. Á endanum braut hann hurðina og úr varð þetta verk. Margir héldu að hann hefði brotist inn hjá Jóni Gunnari en það var nú ekki rétt.¹³⁸ Litir brotanna, gulur, blár og rauður, eru vísun í list Mondrians sem Hreinn hreifst mjög af sem unglingur.¹³⁹ Verkið er því öðrum þræði vísun í geómetríska abstraktlist.

Annað verk eftir Hrein sem vert er að nefna hér er verkið *Sjö sinnum* (1972), en það eru ljósmyndir af manni við glugga, og er maðurinn að kíkja út og hreyfir til þess gardínuna. Þetta verk upplifi ég sem eins konar ádeilu á hið lokaða Ísland eins og það var. Við horfum út í heiminn en kjósum að vera fyrir innan í örygginu. Hættum okkur ekki alveg út í hringiðuna

¹³⁷ Benedikt Gestsson 1993:Bláðsíðutal vantar

¹³⁸ *Hreinn Friðfinnsson* 2007:66.

¹³⁹ *Hreinn Friðfinnsson* 2007:60.

og þössum uppá að hleypta engu inn til okkar sem gæti mögulega raskað þeirri ró sem við viljum hafa. Þessi lýsing á auðvitað ekki eins vel við í dag og á þeim tíma er verkið var gert.

Kristján Guðmundsson (1941) er sjálfmenntaður myndlistarmaður. Hann var forstöðumaður Gallerí SÚM árið sem það opnaði, eða 1969. Kristján varð fyrir miklum áhrifum frá list Dieter Roth, m.a. hugmyndum Dieters um að nota það sem til fellur í verkin og minnir á Arte Povera og Fluxus. List Kristjáns flokkast sem hugmyndlist öðru fremur. Hann kynnti sér myndlist erlendis, í Hollandi er hann dvaldi hjá Sigurði bróður sínum, á Spáni og víðar.

Árið 1970 hélt Kristján einkasýningu er hann nefndi *Skúlptúr* í Gallerí SÚM og sýndi þar skúlptúra úr súrum blóðmörskveppum en í keppina hafði hann stungið þrjónum með pappaspjaldi sem á eru rituð ýmis vísdómsorð látinna spekinga. Blóðmörinn er náttúrlega gamaldags íslenskur réttur og vísar þar beint í gamla bændasamfélagið. Til að lesa á spjöldin þurfti fólk að beygja sig niður því keppirnir voru á gólfinu ósköp umkomulausir og þrúðir. Margir töldu því að verið væri að gera stólpagrín að áhorfandanum. En ef til vill má frekar skilja verkið sem beina vísun í forgengileikann. Keppirnir þornuðu upp og eyddust með tímanum ólíkt hefðbundnum skúlptúrum úr varanlegra efni. Og þeir voru ekki á stalli eins og venjulegar höggmyndir heldur aðeins á gólfinu og gátu ekki staðið fyrir neitt annað en sjálfa sig. Má einnig skilja sem þá þjóðlegu arfleifð sem var að víkja fyrir nýrri síðum, varnarlaus og veik. Sama er að segja um vísdómsorðin, þau voru öll fengin úr bók...

...sem hugvitssamur útgefandi hafði látið þýða og gefa út á íslensku um miðbik aldarinar. Það mátti ekki á milli sjá hvort væri aumkunarverðara í þessu samhengi, spakmæli heimspekinganna eða hefð og sannleiksumboð höggmyndalistarinnar. Hér var vissulega ekki vegið að áhorfandanum, heldur var hann hvattur til að skoða sitt menningarlega umhverfi í nýju samhengi.¹⁴⁰

Verkið fjallar því að mínu mati um það hve allt er í heiminum hverfult, gamla þjóðlega menningin okkar (slátrið), mennirnir (allt dánir menn sem eiga þessi gullkorn) og ekkert stendur eftir nema þessi vísdómur – sem getur víst horfið líka eða gleymst. Um leið er það hæðin ádeila á rótgrónar hefðir listarinnar. Önnur verk Kristjáns sem ollu miklu fjaðrafoki voru innsetningin *Landslag* og skúlptúrin *Varða (Vörðubrot)*, en á þau hefur þegar verið minnst á þessum síðum. Kristján og Þórður Ben Sveinsson stóðu einnig fyrir því

¹⁴⁰ Ólafur Gíslason 2001: Blaðsíðutal vantar.

nýstárlega listformi sem kallað hefur verið gjörningar og voru þar brautryðjendur; sýndu m.a. í Gallerí SÚM.

Tryggvi Ólafsson (1940) nam myndlist í Kaupmannahöfn. Hann kynntist nokkrum af þeim sem síðar mynduðu SÚM hópinn í kringum 1960, einnig Alfreð Flóka sem benti honum á að fara til Hjorths Nielsen á Myndlistaakademíunni í Kaupmannahöfn.¹⁴¹ Tryggvi hélt einkasýningu í Gallerí SÚM árið 1969. Hann sýndi þar myndir í sérstæðum og persónulegum popp-stíl. Hann deildi mjög á hernaðarbrölt Bandaríkjamanna í Víetnam á þessari fyrstu sýningu sinni og um leið á veru hersins hér á landi. Má þar nefna sem dæmi mynd er hann kallar *Útifundur*. Þar raðar hann saman „...fréttaljósmyndum sem skeytt var saman á djarfan og harðsoðinn hátt.“ Þessi mynd er gott dæmi um það hvernig Tryggvi beitir myndvarpatækninni og þrátt fyrir að hafa ekki langa reynslu í því þarna, hefur hann strax náð góðum árangri. Halldór B. Runólfsson lýsir verkinu svo:

Ljósu fletirnir eru ómálaðir og okkurguli tónninn, sem fyllir megnið af fletinum, er þ.a.l. eiginlegur grunnlitur flekans. Skuggar mannfjöldans sem mynda formin, eru dregnir upp með skærrauðum lit, og vex vægi hans er nær og neðar dregur á myndfletinum. Þannig skapast dýptartilfinning sem brotin er upp með ljósbláu formi fóta og stresstösku, ásamt mismunandi skærbláum litum kröfuspjalda með mannsformi og mismunandi andlistsmyndum.¹⁴²

Tryggvi notar aðferðir pop-listarinnar, nýtir sér efnivið úr daglegu lífi sem hann varpar á flötinn, en hugmyndafræði hans er ekki alls kostar sú sama, þ.e. honum er afar fjarri sú „glyskennda fagurfræði“ sem í henni fólst. Ekkert er „...eins fjarri honum og dýrkun á kapítalísku auglýsingaskrumi hins vestræna neyslubjóðfélags, sem lá til grundvallar flestri popp-list.“¹⁴³

Tryggvi hélt sig við ádeilumyndirnar og voru myndir af hernaðarbrölti Bandaríkjamanna áberandi allt fram á síðari hluta áttunda áratugarins. En hann deilir einnig á þjóðfélagsleg vandamál og stjórnámál, og má sem dæmi nefna jafnréttisbaráttu svertingja í

¹⁴¹ Thor Vilhjálmsson 1987:13

¹⁴² Halldór B. Runólfsson 1987:33

¹⁴³ Halldór B. Runólfsson 1987:33-36

Ameríku.¹⁴⁴ Hann tók þátt í nokkrum hópsýningum SÚM og hélt einnig fleiri einkasýningar í galleríinu.

Hildur Hákonardóttir (1938) lærði í Myndlista- og handíðaskólanum og hélt síðan til náms til Edinborgar. Hildur hélt sína fyrstu einkasýningu í Gallerí SÚM 1971 og tók síðan þátt í nokkrum samsýningum hópsins. Var auk þess formaður félagsins um skeið eins og áður hefur komið fram. Hildur nam veflist sem var reyndar um það bil að hverfa hérlendis. Með því að nýta sér miðil sem löngum hefur tengst konum og handverki þeirra jók hún á vægi verkanna í þágu baráttunnar fyrir jafnrétti kynjanna og kvenfrelsi. Kvenfrelsisbaráttuverk hennar sem komu fram uppúr 1972 eru talin marka þáttaskil í íslenskri myndlist. Vestan hafs fóru konur að hasla sér völl á listasviðinu með verkum úr öðru vísi efnnum en tíðkuðust almennt. Dæmi um það er Eva Hesse sem notaði alls kyns þræði, vax, kaðla, pappa og fleira í verkin sín á sjötta áratugnum. Belgíska listakonan Marie-Jo Lafontaine rakti upp striga, litaði þræðina svarta og óf síðan aftur, til að minna á vinnuframlag kvenna. Þá má nefna verk Judy Chicago, *Dinner party* (1979), en verkið er ein allsherjar hylling á handverki kvenna gegnum aldirnar, en list kvenna fór yfirleitt leynt því hún fólst í flestum tilfellum í gerð forgengilegra nytjahluta.¹⁴⁵ Konur eiga sér því fáa fulltrúa í listasögunni en í ritgerð Lindu Nochlin, „Why Have There Been No Great Women Artists?“ kom fram sú kenning hennar að það væru engar konur í listasögunni vegna þess að þær byggju í samfélagi sem karlar réðu og stjórnðu.¹⁴⁶ Listir voru ekki vettvangur fyrir konur og handverk kvenna var ekki list. Uppúr því var farið að rannsaka framlag kvenna til lista og endurmeta gildi handverksins. Listasagan var því endurrituð eftir að feminískir listamenn og fræðingar leituðu upplýsinga um kynsystur sínar sem rækilega höfðu verið útilokaðar frá henni.

Hildur óf texta inná myndirnar til að leggja áherslu á boðskap myndanna. Dæmi um verk er *Eigendur atvinnutækja, þiggjendur launa, þriðja stéttin*. Efst á myndinni er verksmiðja og stendur þar *eigendur atvinnutækja*, þar fyrir neðan eru bátar og menn sem mynda mynstur og þar stendur *þiggjendur launa*, en neðst eru konurnar að vinka bless til einhvers (karlmanns) sem ekur hjá í drossíu sinni. *Þriðja stéttin* stendur þar og er átt við

¹⁴⁴ Halldór B. Runólfsson 1987:36

¹⁴⁵ Taylor, Brandon 2005:31-33

¹⁴⁶ Taylor, Brandon 2005:28

konurnar. Verkið þarfnast engra frekari skýringa, það er mjög skýrt og skorinort. Þannig voru fleiri verk Hildar frá þessum tíma.

Sigurður Guðmundsson (1942) fór til Hollands 1963 til að nema myndlist. Hann er afar heimspekilega sinnaður hugmyndlistamaður og kemur það fram í textum hans um listina – hvað er list og hvað er list ekki – sem birtust meðal annars sem hálfgerð stefnuskrá með sýningu hans í Gallerí SÚM 1969.

Lífsspeki Sigurðar grundvallaðist á hreinni upplifun náttúrunnar. Hann leit á náttúruna sem alviturt yfirvald, með svör við öllu á reiðum höndum, eins og Guð er kristnum mönnum. Meginkennisetning þessarar lífsspeki var að sannleikurinn væri andstæða syndarinnar (streitist maðurinn gegn vilja náttúrunnar) og væri eitt með fegurðinni.¹⁴⁷

Að því er Sigurður segir, fékk hann sína listrænu uppfræðslu í SÚM. Hann kom heim til Íslands árið 1966 einmitt þegar SÚM hópurinn er að byrja að gerjast, og tók þátt í starfi hans og sýningum. Hann hélt sína fyrstu einkasýningu í Gallerí SÚM 15. febrúar 1969, og var það jafnframt fyrsta sýningin í galleríinu.¹⁴⁸

Verkið *Stöð A* var sýnt árið 1969 á SÚM III. Það samanstendur af venjulegri hrífu og talstöð sem var stillt á bátabylgjuna og var því sem þar fór fram útvarpað um salinn. Ég held að varla sé til einfaldari leið til að lýsa íslenskum veruleika þar sem allt snerist um sjóinn og sveitina. Verkið er eins konar áminning um það einfalda líf sem alþýðan lifði og hrærðist í, hér var mikið vinnustrit til sjávar og sveita og lítið um annað hugsað en að hafa í sig og á. Fylgst var með bátunum, hvernig aflaðist og hvenær þeirra væri von í land og voru það helstu tíðindin í sjávarplássunum hringinn í kringum landið. Fólkið í landi sá um búsýsluna, heyannir og þess háttar. Verkið þarfnast varla frekari útskýringa, einfaldara getur það varla verið. Þá má benda á gjörninginn *Gúmmífrelsi* eftir Þórð Ben sem áður er minnst á, en það fjallar um sama málefnið.

Verkið *Landslag* er svolítið fyndin atlega að landslagshefðinni, en þar eru fjöll og firnindi úr pappamassa toppuð með pönnuköku sem leikur hlutverk jökulsins. Pönnukakan eru vísun í sætleikann, þ.e. fegurð landslagsins jafngildir bragðgæðum pönnuköunnar; minnir á tilhlökkunina og sælutilfinninguna þegar maður fékk pönnur hjá ömmu eða

¹⁴⁷ Muller, Robert-Jan 1991:9

¹⁴⁸ Muller, Robert-Jan 1991:11

mömmu á sunnudögum. Rétt eins og landslagsmyndin – hún átti að vera fögur og eiginlega „spari“; vekja eins konar sæluhroll fegurðarupplifunarinnar.

Þórður Ben Sveinsson (1945) gerði meðal annars verk sem eru í ætt við landlist. Dæmi um það er verk sem hann kallar *Skuggi tímans* en með því vildi hann vekja menn til umhugsunar um Vietnam stríðið:

Eitt af því fyrsta sem ég gerði [...] var verkið *Skuggi tímans*, þar sem rækta átti lifandi grasmynd af orrustuþotu inni afgirtum garði. Ég setti upp þessa ræktun á skúlptúrsýningu á Skólavörðuholtinu 1968 og hún var hugsuð til þess að vekja menn til siðferðisvitundar um stríðið með sömu alúð og menn beita sér við það að rækta garðinn sinn. Verkinu var ætlað að færa abstrakt veruleika Víetnam stríðsins inn í húsgarðinn okkar.¹⁴⁹

Magnús Pálsson (1929) deilir á mubludýrkun Íslendinga í verkinu *erþaðnúborð* (1962) og enn fremur gerir hann atlögu að fegurðarskyni landans og innantómu neysluhyggjunnar með postulínshundunum sínum (1971). Hundunum er stillt upp á borð, þeir eru mis-illa brotnir og fyllt upp í þá með grasi. Verkið getur einnig verið vísun í hið breytta þjóðfélag og firringuna sem felst í nútíma borgarlífi fjarri uppruninum. Upp í tómarúmið er fyllt með innantómu og gagnslausu þrjáli smáborgarans.

Eins og þessi fáeinu ofangreindu dæmi sýna er ýmislegt tekið fyrir og mismunandi leiðir og aðferðir notaðar til að koma boðskap og hugmyndum á framfæri.

¹⁴⁹ *SÚM 1965-1972* 1989:90

Lokaorð

Þegar stórt er spurt verður oft lítið um svör segir máltækið. Þær spurningar sem lagt var upp með í þessu verkefni voru jú nokkuð stórar og alls ekki víst að við þeim fengjust tæmandi svör eða yfir höfuð nokkur svör. Viðleitni mín hefur beinst að því að varpa ljósi á það samfélag sem íslenska nýframúr stefnan er sprottin úr og hvort í því mætti greina einhverja vísa að því sem koma skyldi. Í því augnamiði hef ég kafað ofan í menningarlegar afurðir tímabilsins í sem flestum greinum til að finna einhverjar vísbendingar og einnig hef ég leitast við að draga upp mynd af samfélaginu á tíu til fimmtán ára tímabili, frá 1960 – 1975.

Umbrotin í íslensku listalífi byrja í bókmenntunum. Greinileg nýbreytni var í verkum Ástu Sigurðardóttur, Steinars Sigurjónssonar, Elíasar Mar og ljóðskálda á borð við Dag Sigurðarson, Jónas Svafár og fleiri, sem uppskáru misjafnar viðtökur og oft á tíðum óvægna gagnrýni eða hreinlega þöggun að launum. Afdrifaríkasta skrefið á því sviði er síðan stigið með útgáfu bókar Guðbergs Bergssonar; *Tómas Jónsson metsölubók*. Bókmenntunum tengjast leikbókmenntirnar sem fara að taka á sig nýja og róttækari mynd á sjöunda áratugnum eftir léttúðugt tímabil 6. áratugarins með revíum og tilheyrandi. Í myndlistinni mætti nefna sem frumkvöðul hinn sérstæða súrrealista Alfreð Flóka, sem birti fígúratívar og kynferðislegar myndir þvert ofan í alla geómetríuna og abstakt expressjónismann sem hér var alls ráðandi á þeim tíma. Erró sem einnig er að koma fram á sjónarsviðið á þessum tíma naut ekki eins mikillar hylli fyrir popp-verkin sín. SÚM hópurinn er þó byltingarkenndastur hvað varðar aðferðir og stíl þar sem ráðist er að hinu hefðbundna málverki og listin rekin niður af stalli sínum.

Fluxus hreyfingin sem barst um lönd bæði austan hafs og vestan teygði anga sína hingað með Dieter Roth og fékk „andlit“ með tilkomu SÚM. Þar af leiðandi er augljóst að hugmyndafræðin að baki SÚM er ekki beinlínis séríslenskt fyrirbrigði en SÚM-listin er samt algerlega íslensk vegna þess að inntak og efniviður er sótt í íslenskan veruleika. Á þessum tíma hafði íslenskt samfélag töluverða sérstöðu miðað við stærri samfélög með lengri listhefð að baki. Borgarmenning var hér mun styttra á veg komin og allt snerist meira og minna um að lifa af – vinna. Fyrir vikið hefur fíringin sem fylgir þéttbýlismyndun og tæknivæðingu verið enn þá greinilegri og auðsærri hérlendis vegna þess hve stutt var síðan flestir bjuggu í dreifbýli nálægt frumframleiðslunni. Bein afleiðing þessa eru þeir fordómar og skilningsleysi sem hreyfingin fékk og að mínu mati olli því að hún varð ekki langlífari en raun ber vitni.

Reyndar er það þekkt annars staðar að (ný)framúrstefnuhreyfingar eru ekki langlífar. Í flestum tilfellum þróast menn frá þeim hugmyndum með tímanum. Róttæknin eldist af mönnum. Öllu alvarlegra er kannski að tómlætið og fordómarnir ollu því að Listasafn Íslands sinnti ekki hlutverki sínu sem skyldi og fá verk eftir listamenn SÚM-hópsins lentu þar innan veggja en reynt var að bæta eitthvað úr því löngu síðar. Má þar sem dæmi nefna verkið *Landslag* eftir Kristján Guðmundsson sem keypt var árið 1988. Verkið var sýnt á Listasafninu árið 1990 og vakti þá enn hneykslun margra.¹⁵⁰ Sýnir það ef til vill best hve þessi tegund listar hefur átt erfitt uppdráttar hérlendis. Önnur afleiðing er að listamennirnir sem mynduðu kjarna þessa hóps fóru flestir utan um lengri eða skemmri tíma og settust að í Hollandi, Danmörku og víðar. Því nutum við ekki krafta þeirra nema að takmörkuðu leyti. Það liggur í augum uppi að hefðu viðtökur og skilningur á verkum þeirra verið meiri og jákvæðari væri líklegra að þeir hefðu sest hér að.

En getur listin breytt samfélaginu? Svar mitt við þeirri spurningu er já. Ég tel að listin geti haft áhrif á samfélagið rétt eins og samfélagið hefur áhrif á listina. Niðurstaða mín felst ekki síst í því að með þessari tilraun SÚM var opnað fyrir nýjar hugmyndir um eðli listarinnar og farið var að veita fleiri sviðum mannlífsins athygli. Vafalaust má rekja aukinn áhuga á alþýðulist og handverki til þessarar breyttu afstöðu. Hér á þessum síðum hefur ekki verið fjallað um landvinninga SÚM, en nokkrar sýningar voru haldnar erlendis og vöktu þær þó nokkra athygli í listheiminum. Þær færðu Ísland aðeins nær nútímanum og voru ákveðin skilaboð um að hér þrifist líka heimsborgaraleg menning, rétt eins og annars staðar í hinum vestræna heimi. Ekki síst var mikilvægt að stofnað var til sambanda við erlenda myndlistarmenn, einkum hollenska, sem bæði komu hingað og tóku þátt í sýningum og opnuðu leiðir fyrir íslenska myndlistarmenn erlendis. Hér átti Dieter Roth nokkurn hlut að máli en hann mun hafa stuðlað að tengslum við Fluxus hreyfinguna meðal annars. Þá ber að nefna að menntun myndlistarmanna breyttist töluvert. Hildur Hákonardóttir varð skólastjóri Myndlista- og handíðaskólans og opnaði þar nýlistadeild sem að vísu olli töluverðum deilum bæði innan skólans og utan. En víst er að sú deild ól af sér nýjar og breyttar hugmyndir um eðli listarinnar. SÚM hópurinn ruddi brautina fyrir komandi kynslóðir myndlistarmanna sem kusu að fara óhefðbundnar leiðir. Í kjölfarið á Gallerí SÚM var Nýlistasafnið stofnað sem vettvangur fyrir nýjar hræringar í sjónlistum.

¹⁵⁰ Sólveig Nikulásdóttir 2001:31-35

Á pólitísk málefni líðandi stundar hefur SÚM-listin trúlega ekki haft bein eða afgerandi áhrif en frekar virkað sem áhersluauki, viðbót við þann þunga sem andóf og gagnrýni olli þá þegar. Sú staðreynd að SÚM fékk svo slæugar viðtökur hefur að sjálfsögðu ekki orðið til að auka á þann pólitíska slagkraft sem fólgin var í gagnrýnum verkum þeirra. Eiginlega undarlegt að þeir sem töldu sig málefnalega í ætt við þá skyldu ekki nýta þann kraft. Þá á ég sérstaklega við vinstri væng stjórnmalanna hér sem barðist m.a. gegn veru hersins, deildi á neyslumenninguna og sitthvað fleira. Hér hefur líklega tryggðin við hefðir myndlistarinnar og hins gamla samfélags haft meira vægi, og einnig markaðshyggja þó það hljómi hálf undarlega.

Margir samspilandi þættir ollu gríðarmiklum þjóðfélagsbreytingum hér um miðja síðustu öld sem ýttu úr vör nýjum leiðum til að hugsa, lifa og leika. Gömul gildi voru véfengd og ráðist að málefnum sem áður höfðu jafnvel legið í þagnargildi. Segja má að allar listgreinar hafi sameinast í viðleitninni til þess að bylta stöðnuðu og afturhaldssömu menningarumhverfi, spilltri pólitík og forræðishyggju og höfðu þær, þegar allt er skoðað, töluverð áhrif á mörgum sviðum mannlífsins.

Heimildaskrá

20. *Öldin, brot úr sögu þjóðar*. 2000. Ritstjóri: Jakob F. Ásgeirsson. Nýja Bókafélagið í samvinnu við Stöð 2, Reykjavík.
- Aðalsteinn Ingólfsson. 2001. „Frá Stranghugsun til óreiðu, myndlist 1950-1975.“ *Ísland í aldanna rás 1951-1975*. Ritstjóri Sigríður Harðardóttir. JPV útgáfa, Reykjavík.
- Atli Heimir Sveinsson. 1967. „Listamannalíf.“ *Birtingur*, 4. hefti 13. árg.
- Árni Vilhjálmson. 1971. „Nokkur líffæraheiti (nýyrði), kynfræðsla, klám.“ *Morgunblaðið*, 13. febrúar.
- Benedikt Gestsson. 1993. „Mér þykir einfaldlega vænt um þessa jörð.“ *Vetrarvirki, Björn Th. Björnsson sjötugur*. Ritnefnd Árni Blandon, Elísabet V. Ingvarsdóttir og Oddur Albertsson. Mál og menning, Reykjavík.
- Benedikt Hjartarson. 2006. „Verkefni framúrstefnunnar. Inngangur að ritgerðum Peters Bürger og Hals Foster.“ *Ritið: 1/2006*.
- Björn Th. Björnsson. 1973. *Íslensk myndlist á 19. og 20. öld. Drög að sögulegu yfirliti. II bindi*. Helgafell, Reykjavík.
- Bürger, Peter. 2006. „Sjálfstæði listarinnar.“ Benedikt Hjartarson þýddi. *Ritið: 1/2006*.
- Bru, Sascha. 2006. „Ólesnar bækur.“ *Ritið: 1/2006*.
- Dempsey, Amy. 2002. *Styles Schools and Movements*. Thames-Hudson, London.
- Dagur*. 2003. Ritstjórn Hjálmar Sveinsson og Geir Svansson. Mál og menning, Nýlistasafnið. Reykjavík.
- Dagur Sigurðarson. 1969. „Ó, róttæki listamaður.“ *Þjóðviljinn*, 01. október.
- Eggert Þór Bernharðsson. 2000. *Undir bárujárnsboga. Braggalíf í Reykjavík 1940-1970*. JPV forlag, Reykjavík.
- Einar Bragi. 1965. „Af skornum skammti.“ *Birtingur*, 1. og 2. hefti 11. árg.
- Einar Bragi. 1966. „Af skornum skammti.“ *Birtingur*, 1.-3. hefti 12. árg.
- Einar Bragi. 1967. „Óttinn við samtíðina.“ *Birtingur*, 1. hefti 13. árg.
- Einar Gíslason. 1970. „Lesendabréf“ í Velvakanda. *Morgunblaðið*, 28. nóvember.

- Friðrikka Benónýsdóttir. 1992. *Minn hlátur er sorg, ævisaga Ástu Sigurðardóttur*. Iðunn, Reykjavík.
- Guðbergur Bergsson. 1974. „Í nútímanum verður uppsprettan ekki þekkt af því vatni sem frá henni rennur.“ *H₂O*, sýningarskrá. Ritstjóri Hildur Hákonardóttir. Nordisk kulturfond, Reykjavík.
- Guðbergur Bergsson. 1987. *Tómas Jónsson metsölubók*. Formáli höfundar. Forlagið, Reykjavík.
- Guðbergur Bergsson. 1989. „Andinn sem ríkti í SÚM.“ *SÚM 1965-1972*. Listasafn Reykjavíkur, Reykjavík.
- Gunnar B. Kvaran. 1989. „Aðfararorð.“ *SÚM 1965-1972*. Listasafn Reykjavíkur, Reykjavík.
- „Hagkvæm og sanngjörn lausn á mikilvægu réttindamáli.“ 1961. *Morgunblaðið* 28. mars.
- Halldór B. Runólfsson. 1987. „Tryggvi Ólafsson málari.“ *Tryggvi Ólafsson*. Listasafn ASÍ, Lögberg, Reykjavík.
- Halldór Björn Runólfsson. 1989. „Erlendar samtímastefnur.“ *SÚM 1965-1972*. Sýningarskrá. Listasafn Reykjavíkur, Reykjavík.
- Hreinn Friðfinnsson*. 2007. Sýningarskrá. Serpentine Gallery, London.
- Hörður Ágústsson. 1962. „Bréf frá París“. *Birtingur*, 1.-2. hefti, 1962
- Illugi Jökulsson og fleiri. 2001. *Ísland í aldanna rás 1951 – 1975*. Ritstjóri Sigríður Harðardóttir. JPV útgáfa, Reykjavík.
- Íslensk bókmenntasaga V*. 2006. Ritstjóri Guðmundur Andri Thorsson. Mál og menning, Reykjavík.
- Jón Óskar. 1966a. „Svört messa.“ *Birtingur*, 1.-3. hefti 12. árs.
- Jón Óskar. 1966b. „Athugasemdir við undarlega ritsmíð.“ *Birtingur*, 4. hefti 12. árs.
- Jón Þórarinnsson. 1965. „Tónleikar Musica Nova – Sinfóníutónleikar.“ *Morgunblaðið*, 13. maí.
- Jónas E. Svafár. 1968. *Klettabelti fjallkonunnar*. Helgafell, Reykjavík.
- Kjartan Guðjónsson. 1969a. „Róttækir listamenn – eða óróttækir.“ *Þjóðviljinn*, 26. september.
- Kjartan Guðjónsson. 1969b. „Hundur í hverri hofferð.“ *Þjóðviljinn*, 16. október

- L. Þ. 1969a. „SÚM-sýningin.“ *Þjóðviljinn*, 25. september.
- L. Þ. 1969b. „Á haustsýningu F.Í.M.“ *Þjóðviljinn*, 27. september.
- „Listaverk fjarlægt af heilbrigðisástæðum.“ 1970. *Morgunblaðið*. 26. júní.
- „Lögin verða að hverfa.“ 1968. *Morgunblaðið* 27. nóvember.
- Magnús Tómasson og Einar Guðmundsson. 1975. *SÚM, samsýning í Gallerí SÚM*. Sýningarskrá. Gallerí SÚM, Reykjavík.
- Muller, Robert-Jan. 1991. „Listamaður verður til.“ *Sigurður Guðmundsson. Zsa-Zsa Eyck ritstjóri, Aðalsteinn Ingólfsson þýddi. Mál og menning*, Reykjavík.
- „Myndin sem var hafnað.“ 1969a. *Þjóðviljinn* 19. september.
- „Myndin sem var hafnað.“ 1969b. *Þjóðviljinn* 20. september.
- Nína Björk Árnadóttir. 1992. *Ævintýrabókin um Alfreð Flóka*. Forlagið, Reykjavík.
- Ólafur Gíslason. 1989. „SÚM 1965-1972. Eftirmáli.“ *SÚM 1965-1972. Sýningarskrá*. Listasafn Reykjavíkur, Reykjavík.
- Ólafur Gíslason. 2001. „Tómið og fylling þess.“ *Kristján Guðmundsson. Ritstjóri Ólafur Jónsson. Mál og menning/Listasafn Reykjavíkur*, Reykjavík.
- Ólafur Kvaran. 1990. „Septem“. *September Septem. Sýningarskrá*. Listasafn Reykjavíkur, Kjarvalsstaðir, Reykjavík.
- „Raksápa með baunum.“ 1965. *Þjóðviljinn* 19. maí.
- Róska. 1969. Lesendabréf í Bæjarpóstinum. *Þjóðviljinn*, 23. nóvember.
- „Skrípalæti trúða í Lindarbæ.“ 1965. *Morgunblaðið* 19. maí.
- Sólveig Nikulásdóttir. 2001. „Stutt ævilýsing.“ *Kristján Guðmundsson. Ritstjóri Ólafur Jónsson. Mál og menning/Listasafn Reykjavíkur*, Reykjavík.
- „Stúdentafjöldinn.“ (Leiðari). 1967. *Morgunblaðið* 28. september.
- „Stúdentar útskrifaðir ári fyrr en nú er.“ 1968. *Morgunblaðið* 30. mars.
- SÚM 1965-1972*. 1989. Sýningarskrá. Listasafn Reykjavíkur, Kjarvalsstaðir, Reykjavík.
- Taylor, Brandon. 2005. *Art Today*. Laurence King Publishing Ltd. London
- Thor Vilhjálmsson. 1958. „A propos, diter rot.“ *Birtingur*, 2. hefti, 4. árg.

Thor Vilhjálmsson. 1987. „Tryggvi Ólafsson.“ *Tryggvi Ólafsson*. Höfundar Halldór B. Runólfsson og Thor Vilhjálmsson. Listasafn ASÍ/Lögberg. Reykjavík

„Toppkratar og íhald samþykkja takmarkað réttlæti í 6 pörtum.“ 1961. *Þjóðviljinn* 28. mars.

Van den Berg, Hubert. 2006. „Jón Stefánsson og Finnur Jónsson: Frá Íslandi til evrópsku framúr stefnunnar og aftur til baka.“ *Ritið: 1/2006*

Ørum, Tania. 2006. „Nýframúrsefna sem endurtekning.“ *Ritið: 1/2006* bls.

Munnleg heimild:

Hildur Hákonardóttir. 2007. Viðtal höfundar við Hildi Hákonardóttur um SÚM 1. des.

Óútgefið efni:

E. G. 1974. *Fundargerð SÚM*, 12. febrúar.

Guðbergur Bergsson. 1971. *Fundargerð SÚM*, 20. mars.

Guðbergur Bergsson. 1973. *Fundargerð SÚM*, 10. nóvember.

Lög SÚM, samþykkt 16.03.1968.

Minnisblað SÚM, ódagsett en líklega frá 1968.

Ódagsett og óundirritað bréf úr gögnum SÚM á bókasafni Listasafns Íslands. Gæti líklega verið skrifað 1970-71 og líklega skrifað af Jóni Gunnari Árnasyni.

Ódagsett og óundirrituð fundargerð (líklega), úr gögnum SÚM á bókasafni Listasafns Íslands.

Vefsíður:

Eggert Þór Bernharðsson. 1992. „Á mörkum tveggja heima.“ *Bókaþjóð í borg*. - Skáldsögur V. Cand. Mag. ritgerð í sagnfræði. <http://www3.hi.is/-eggthor/bokathjodbaekurVhtm> Sótt 26.07.08

Eggert Þór Bernharðsson. 1992. „Margklofnar manneskjur.“ *Bókaþjóð í borg* – skáldsögur VI. Cand. Mag. Ritgerð í sagnfræði. <http://www3.hi.is/-eggthor/bokathjodbaekurVI.htm> Sótt 26.07.08

Egill Helgason. 30. janúar 2008. „Afmælisgrein um '68 kynslóðina.“ <http://eyjan.is/silfuregils/2008/01/30/afmælisgrein-um-68-kynslodina/> Sótt 18. júlí 2008.

Pistillinn, Áratugur 1961-1970.

http://www.heimur.is/sogur_og_greinar/20_aldin/?ew_news_onlyarea=rightcontent1&ew_news_onlyposition=4&cat_id=28872&ew_4_a_id=13834 Sótt 28.06.08